

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1131****2021/EES/37/03****frá 14. júní 2017****um peningamarkaðssjóði (\*)**

EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins<sup>(2)</sup>,í samræmi við almenna lagasetningar meðferð <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Peningamarkaðssjóðir (MMFs) veita skammtíma fjármögnun til fjármálastofnana, fyrirtækja og ríkisstjórna. Með því að veita þessum aðilum fjármögnun leggja peningamarkaðssjóðir sitt af mörkum til fjármögnunar hagkerfisins í Sambandinu. Þessir aðilar nota fjárfestingar sínar í peningamarkaðssjóðum sem skilvirka leið til að dreifa útlánaáættu sinni og áhættuskuldbindingum, frekar en að reiða sig eingöngu á bankainnlán.
- 2) Hvað eftirspurn varðar eru peningamarkaðssjóðir verkfæri til skammtíma reiðufjárfestjórnunar sem veita mikinn seljanleika, dreifingu og stöðugleika í virði höfuðstólsins sem fjárfest er, ásamt markaðstengdri ávöxtun. Peningamarkaðssjóðir eru einna helst notaðir af fyrirtækjum sem leitast við að fjárfesta umframreiðufé sitt til skamms tíma. Peningamarkaðssjóðir eru því þýðingarmikill hlekkur sem tengir saman eftirspurn og framboð á skammtíma reiðufé.
- 3) Atburðir sem áttu sér stað í fjármálakreppunni hafa varpað ljósi á fjölmarga þætti peningamarkaðssjóða sem gera þá berskjaldaðri þegar erfiðleikar steðja að fjármálamörkuðum og í þeim tilvikum gætu peningamarkaðssjóðir dreift eða magnað áhættu í gegnum fjármálakerfið. Þegar verð eigna sem peningamarkaðssjóðir hafa fjárfest í fer að lækka, einkum við erfiðar markaðsaðstæður, getur peningamarkaðssjóðurinn ekki alltaf haldið loforðum sínum um að innleysa strax og að viðhalda nafnvirði hlutdeildarskírteinis eða hlutabréfs sem peningamarkaðssjóðurinn gefur út til fjárfesta. Þær aðstæður, sem samkvæmt ráðgjafarnefndinni um fjármálastöðugleika og Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfa-markaði geta verið einkar alvarlegar fyrir peningamarkaðssjóði með fast eða stöðugt innra virði, gætu leyst úr læðingi verulegar og skyndilegar beiðnir um innlausn, sem gætu hugsanlega haft víðtækari þjóðhagslegar afleiðingar.
- 4) Stórar innlausnarkröfur gætu þrýst á peningamarkaðssjóði að selja eitthvað af fjárfestingareignum sínum á markaði í hnignun sem gæti hugsanlega ýtt undir lausafjáranda. Við þær aðstæður geta útgefendur á peningamörkuðum staðið frammi fyrir alvarlegum fjármögnunarerfiðleikum ef markaðir fyrir skammtíma bréf og aðra peningamarkaðsgerninga lokast. Þetta gæti leitt til smitáhrifa á skammtíma fjármögnunarmarkaðnum og leitt til beinna og alvarlegra vandkvæða við fjármögnun fjármálastofnana, fyrirtækja og ríkisstjórna, og þar af leiðandi hagkerfisins.
- 5) Eignastýringaraðilar, með stuðningi bakhjarla, geta ákveðið að veita valfrjálstan stuðning til að viðhalda lausafjárstöðu og stöðugleika peningamarkaðssjóða sinna. Bakhjarlar neyðast oft til að styðja peningamarkaðssjóði sem þeir styðja og eru að tapa virði sínu vegna orðsporsáhættu og ótta um að óðagot gæti dreifst yfir á aðra starfsemi bakhjarlanna. Með hliðsjón af stærð peningamarkaðssjóðsins og hversu mikill þrýstingur er á innlausn gæti stuðningur bakhjarla náð umfangi sem er umfram þann varasjóð sem þeir eiga greiðan aðgang að. Því ættu peningamarkaðssjóðir ekki að njóta ytri stuðnings.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB C 255, 6.8.2014, bls. 3.

(2) Stjtuð. ESB C 170, 5.6.2014, bls. 50.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 5. apríl 2017 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 16. maí 2017.

- 6) Til að halda heildarvirkni og stöðugleika innri markaðarins er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur er varða rekstur peningamarkaðssjóða, einkum samsetningu eignasafns peningamarkaðssjóða. Þessum reglum er ætlað að efla álagsþol peningamarkaðssjóða og takmarka smitleiðir. Nauðsynlegt er að setja samræmdar reglur í Sambandinu til að tryggja að peningamarkaðssjóðir geti uppfyllt innlausnarkröfur frá fjárfestum, einkum við erfiðar markaðsaðstæður. Einnig er krafist samræmdra reglna um eignasafn peningamarkaðssjóðs til að tryggja að peningamarkaðssjóðir geti brugðist við verulegum og skyndilegum innlausnarkröfum frá stórum hópum fjárfesta.
- 7) Enn fremur eru samræmdar reglur um peningamarkaðssjóði nauðsynlegar til að tryggja snuðulausan rekstur skammtímafjármagnsmarkaða fyrir fjármálastofnanir, fyrirtæki sem gefa út skammtímaskuldir og ríkisstjórnir. Þær þurfa einnig að tryggja jafna meðferð fjárfesta í peningamarkaðssjóði og koma í veg fyrir að þeir sem óska innlausnar seint standi ekki verr að vígi ef innlausnir eru stöðvaðar tímabundið eða ef peningamarkaðssjóður er leystur upp.
- 8) Nauðsynlegt er að kveða á um samræmingu varfæriskrafna sem tengjast peningamarkaðssjóðum með því að setja skýrar reglur sem leggja beinar skuldbindingar á peningamarkaðssjóði og rekstraraðila peningamarkaðssjóða alls staðar í Sambandinu. Slík samræming myndi auka stöðugleika peningamarkaðssjóða sem uppsprettu skammtímafjármögnunar fyrir ríkisstjórnir og fyrirtækjageirann innan Sambandsins. Hún myndi einnig tryggja að peningamarkaðssjóðir haldi áfram að vera áreiðanlegt verkfæri fyrir þarfir reiðufjárstjórnunar atvinnulífsins í Sambandinu.
- 9) Viðmiðunarreglunum um sameiginlega skilgreiningu á evrópskum peningamarkaðssjóðum sem nefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila samþykkti 19. maí 2010 til að skapa jöfn lágmarkssamkeppniskeyrði fyrir peningamarkaðssjóði í Sambandinu var, einu ári eftir að þær tóku gildi, einungis beitt í 12 aðildarríkjum, og sýndu þar með þrífestu ólíkra landsbundinna reglna. Ólíkar landsbundnar aðferðir ná ekki að taka á veikleikum peningamarkaða í Sambandinu og ná ekki að draga úr smitáhættu og stefna þannig starfsemi og stöðugleika innri markaðarins í hættu, eins og fram kom í fjármálakreppunni. Almennar reglur um peningamarkaðssjóði sem þessi reglugerð kveður á um miða þar af leiðandi að því að veita fjárfestum öfluga vernd og að koma í veg fyrir og draga úr allri mögulegri hættu á smitáhrifum sem gæti orðið af mögulegu áhlaupi fjárfesta á peningamarkaðssjóði.
- 10) Meðan ekki er til reglugerð sem kveður á um reglur um peningamarkaðssjóði gætu mismunandi ráðstafanir áfram verið samþykktar á landsvísu. Slíkar ráðstafanir myndu áfram valda umtalsverðri röskun á samkeppni vegna verulegs mismunar á nauðsynlegum stöðlum fjárfestingarverndar. Ólíkar kröfur um samsetningu eignasafna, hæfar eignir, binditíma þeirra, seljanleika og dreifingu, ásamt kröfum um lánshæfi útgefenda og peningamarkaðsgerninga, leiða til mismunandi mikillar fjárfestingaverndar vegna mismunandi mikillar áhættu sem bundin er fjárfestingartilboði í tengslum við peningamarkaðssjóð. Því er nauðsynlegt að taka upp samræmdan bálk reglna til að forðast smitáhrif á fjármögnunarmarkaðinn til skamms tíma, sem myndi setja stöðugleika fjármálamarkaðsins í Sambandinu í hættu. Til að draga úr kerfisáhættu ættu peningamarkaðssjóðir með fast innra virði (*e. constant net asset value MMFs*) einungis að starfa í Sambandinu sem peningamarkaðssjóðir með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera.
- 11) Nýjar reglur um peningamarkaðssjóði ættu að byggjast á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB <sup>(1)</sup>, sem myndar lagarammann sem gildir um stofnun, stjórnun og markaðssetningu verðbréfasjóða (UCITS) í Sambandinu, og einnig á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB <sup>(2)</sup>, sem myndar lagarammann sem gildir um stofnun, stjórnun og markaðssetningu sérhæfðra sjóða (AIFs) í Sambandinu.
- 12) Í Sambandinu geta sjóðir um sameiginlega fjárfestingu starfað sem verðbréfasjóðir, sem stjórnad er af rekstrarfélagi verðbréfasjóða eða fjárfestingarfélagi verðbréfasjóða sem hefur starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2009/65/EB, eða sem sérhæfðir sjóðir, sem stjórnad er af rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hefur starfsleyfi eða er skráður samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB. Nýju reglurnar um peningamarkaðssjóði byggjast á núgildandi lagaramma sem komið var á fót með þessum tilskipunum, þ.m.t. gerðunum sem innleiddar voru til að koma þeim í framkvæmd og ættu þar af leiðandi að gilda til viðbótar við þær tilskipanir. Enn fremur ættu stjórnunar- og markaðssetningarreglur sem mælt er fyrir um í núgildandi lagaramma að gilda um peningamarkaðssjóði að teknu tilliti til þess hvort þeir eru verðbréfasjóðir eða

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtúð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtúð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

sérhæfðir sjóðir. Á sama hátt ættu reglurnar um þjónustustarfsemi og staðfesturétt yfir landamæri, sem mælt er fyrir um í tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB, að gilda eftir því sem við á um starfsemi peningamarkaðssjóða sem starfa yfir landamæri. Á sama tíma ætti sérstaklega að hætta notkun fjölda reglna í tengslum við fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða sem mælt er fyrir um í VII kafla tilskipunar 2009/65/EB.

- 13) Samræmdar reglur ættu að gilda um sjóði um sameiginlega fjárfestingu þar sem eiginleikar þeirra eru í samræmi við þá sem tengdir eru við peningamarkaðssjóði. Fyrir verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði sem hafa það að markmiði að bjóða upp á ávöxtun í samræmi við peningamarkaðsvexti, eða að vernda virði fjárfestingarinnar, og sem leitast við að ná þessum markmiðum með því að fjárfesta í skammtímaeignum, s.s. peningamarkaðsgerningum eða innlánnum, eða með því að gera samninga um endurhverfa verðbréfasölu eða vissa afleiðusamninga í þeim tilgangi einum að mynda vörn gegn áhættum innbyggðum í aðrar fjárfestingar sjóðsins, ætti að vera lögboðið að fylgja nýju reglunum um peningamarkaðssjóði.
- 14) Sérhæfni peningamarkaðssjóða kemur til vegna samsetningar eignanna sem þeir fjárfesta í og markmiðanna sem þeir reyna að ná. Markmiðið að bjóða upp á ávöxtun í samræmi við peningamarkaðsvexti og markmiðið að vernda virði fjárfestingar útiloka ekki hvort annað. Peningamarkaðssjóður getur haft annaðhvort þessara markmiða eða bæði markmið á sama tíma.
- 15) Markmiðið að bjóða upp á ávöxtun í samræmi við peningamarkaðsvexti ber að túlka í víðum skilningi. Vænt ávöxtun þarf ekki að vera fullkomlega samræmd við millibankadagvexti í evrum (EONIA), LIBOR-vexti, Euribor-vexti eða neina aðra viðkomandi peningamarkaðsvexti. Ekki skal litið svo á að markmið sem leitast við að gera betur en peningamarkaðsvextir með litlum vikmörkum verði til þess að verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður falli utan gildissviðs nýju samræmdu reglnanna sem þessi reglugerð kveður á um.
- 16) Ekki ber að skilja markmiðið að vernda virði fjárfestingarinnar sem svo að peningamarkaðssjóðurinn lofi höfuðstólstryggingu. Litið skal svo á að þetta sé markmið sem verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður sækist eftir. Lækkun á virði fjárfestinga felur ekki í sér að sjóður um sameiginlega fjárfestingu hafi breytt markmiðum sínum um að vernda virði fjárfestingar.
- 17) Mikilvægt er að verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir sem hafa eiginleika peningamarkaðssjóða séu auðkenndir sem peningamarkaðssjóðir og að geta þeirra til að uppfylla á viðvarandi grundvelli nýju samræmdu reglurnar um peningamarkaðssjóði sé sannreynd á skýran hátt. Í því skyni ættu lögbær yfirvöld að veita peningamarkaðssjóðum starfsleyfi. Hvað varðar verðbréfasjóði þá ættu starfsleyfi þeirra sem peningamarkaðssjóðir að vera hluti af starfsleyfi þeirra sem verðbréfasjóðir í samræmi við samræmdar verklagsreglur samkvæmt tilskipun 2009/65/EB. Hvað varðar sérhæfða sjóði er nauðsynlegt að kveða á um almennar grunnreglur um veitingu leyfa sem endurspeglar gildandi samræmdar reglur fyrir verðbréfasjóði, þar sem þeir falla ekki undir samræmdar verklagsreglur um leyfisveitingu og eftirlit samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB. Slíkar verklagsreglur ættu að tryggja að rekstraraðili sérhæfðs sjóðs sem hefur starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður sé rekstraraðili sérhæfðra sjóða með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB.
- 18) Til að tryggja að allir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem hafa einkenni peningamarkaðssjóða falli undir nýju almennu reglurnar um peningamarkaðssjóði, ætti notkun á titlinum „peningamarkaðssjóður“, eða hverju öðru hugtaki sem gefur til kynna að sjóður um sameiginlega fjárfestingu hafi sömu einkenni og peningamarkaðssjóðir, að vera bönnuð nema það fyrirtæki hafi starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður samkvæmt þessari reglugerð. Til að koma í veg fyrir að farið sé á svig við reglurnar í þessari reglugerð, ættu lögbær yfirvöld að fylgjast með markaðsvenjum sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem komið er á fót eða markaðssett eru í þeirra lögsögu til að staðfesta að þeir misnoti ekki titilinn peningamarkaðssjóður eða gefi í skyn að þeir séu peningamarkaðssjóður án þess að þeir fari að nýja lagarammanum.
- 19) Þar eð verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir geta tekið á sig mismunandi lagaleg form sem veita þeim þó ekki endilega réttarstöðu lögaðila ætti að skilja ákvæðin í þessari reglugerð, sem krefjast þess að peningamarkaðssjóðir grípi til aðgerða, sem svo að þau vísi til rekstraraðila peningamarkaðssjóðsins í þeim tilvikum þar sem peningamarkaðssjóðurinn er verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður sem er ekki í aðstöðu til að grípa til aðgerða sjálfur þar sem hann hefur ekki réttarstöðu lögaðila.
- 20) Í reglum um eignasafn peningamarkaðssjóðs ætti að skilgreina með skýrum hætti þá flokka eigna sem eru hæfar til fjárfestinga peningamarkaðssjóða og skilyrðin sem þær þurfa uppfylla til að vera hæfar. Til að tryggja heilleika peningamarkaðssjóða ætti einnig að banna peningamarkaðssjóðum að stunda ákveðin fjármálaviðskipti sem myndu stefna fjárfestingaráætlun þeirra og markmiðum í hættu.
- 21) Peningamarkaðsgerningar eru framseljanlegir gerningar sem að jafnaði er verslað með á peningamarkaði og innihalda ríkis- og sveitarfélagavíxla, innlánskírteini, skammtímaabréf, víxla sem banki ábyrgist og skuldabréf til meðallangs eða skamms tíma. Peningamarkaðsgerningar ættu einungis að vera hæfir til fjárfestingar fyrir peningamarkaðssjóði ef þeir fara að takmörkun binditíma og peningamarkaðssjóður telur þá hafa hátt lánshæfi.

- 22) Til viðbótar við þau tilvik þar sem peningamarkaðssjóður fjárfestir í bankainnlánum samkvæmt sjóðsreglum sínum eða stofnsamningum sínum skal vera mögulegt að heimila peningamarkaðssjóði að eiga viðbótarlausafjáreignir, svo sem reiðufé á bankareikningi, sem eru aðgengilegar hvenær sem er. Réttlæta mætti eign slíkra viðbótarlausafjáreigna, m.a. til að standa straum af hlaupandi greiðslum eða sérstökum greiðslum, þegar um sölu er að ræða, í þann tíma sem það tekur að endurfjárfesta í hæfum eignum.
- 23) Verðbréfanir og eignatryggð skammtímabréf ættu að teljast veðhæf að því marki sem þau uppfylla tilteknar kröfur. Þar sem tilteknar verðbréfanir voru einkar óstöðugar á meðan fjármálakreppunni stóð ætti að leggja ákveðnar gæðaviðmiðanir á verðbréfanir og eignatryggð skammtímabréf þannig að einungis þær verðbréfanir og þau eignatryggðu skammtímabréf sem skila ávöxtun séu hæf. Þar til reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS) sem fyrirhuguð er (fyrirhuguð reglugerð um STS-verðbréfun) er samþykkt og kemur til framkvæmda að því er varðar þessa reglugerð ætti peningamarkaðssjóðum að vera heimilt að fjárfesta í verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum að viðmiðunarmörkum sem eru 15% af eignum þeirra. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja framselda gerð til að tryggja að viðmiðanirnar sem aukenna einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun gildi að því er varðar þessa reglugerð. Þegar sú framselda gerð kemur til framkvæmda, ætti peningamarkaðssjóðum að vera heimilt að fjárfesta að hámarki 20% eigna sinna í verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum þar sem allt að 15% ætti að vera hægt að fjárfesta í verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum sem eru ekki einföld, gagnsæ og stöðluð.
- 24) Peningamarkaðssjóði ætti að vera heimilt að fjárfesta í innlánum að því marki að hann geti tekið peningana út hvenær sem er. Raunverulegur möguleiki á úttekt skerðist ef gjöld í tengslum við snemmbúna úttekt eru svo há að þau eru umfram vextina sem safnast hafa upp fyrir úttekt. Af þessum sökum ætti peningamarkaðssjóður að sýna aðgát og leggja ekki fé inn hjá lánastofnun sem krefst gjalda sem eru hærri en meðalgjöld eða leggja inn til of langs tíma ef það leiðir til of hárra gjalda.
- 25) Til þess að unnt sé að hafa hliðsjón af óflku skipulagi banka í Sambandinu, einkum í smærri aðildarríkjum eða í aðildarríkjum þar sem mikil samþjöppun ríkir í bankageiranum, og þar sem það myndi ekki svara kostnaði fyrir peningamarkaðssjóði að nota þjónustu lánastofnunar í öðru aðildarríki, s.s. ef það útheimtir gjaldeyris skipti með öllum tengdum kostnaði og áhættu, ætti að heimila sveigjanleika í kröfum um dreifingu vegna innlána hjá sömu lánastofnun.
- 26) Fjármálaafleiðugerningar sem peningamarkaðssjóður telur hæfa til fjárfestingar ættu einungis að gegna tilgangi áhættuvarnar vegna vaxta- og gjaldmiðlahættu og ættu einungis að hafa sem undirliggjandi gerninga vaxtastig, gengi gjaldmiðla, gjaldmiðla eða vísitölur sem tákna þessa flokka. Öll notkun afleiða í öðrum tilgangi eða á aðrar undirliggjandi eignir ætti að vera bönnuð. Afleiðurnar ætti einungis að nota sem viðbót við áætlun peningamarkaðssjóðs og ekki sem aðalverkfæri til að ná markmiðum peningamarkaðssjóðsins. Ef peningamarkaðssjóður fjárfestir í eignum merktum öðrum gjaldmiðli en þeim sem peningamarkaðssjóðurinn notar, er þess vænst að rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins áhættuverji alla gjaldmiðilsáhættuskuldbindinguna, þ.m.t. með afleiðum. Peningamarkaðssjóðir ættu að hafa rétt á að fjárfesta í fjármálaafleiðugerningi ef viðskipti eru með þann gerning á skipulegum markaði eins og um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 50. gr. í tilskipun 2009/65/EB eða utan markaðar (OTC) að því gefnu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt.
- 27) Peningamarkaðssjóðir ættu að geta notað endurhverfa verðbréfasölu sem leið til að fjárfesta umframreiðufé sitt á skammtímagrundvelli að því tilskildu að staðan sé veðtryggð að fullu. Til að vernda fjárfesta er nauðsynlegt að sjá til þess að tryggingin sem veitt er samkvæmt ramma endurhverfrar verðbréfasölu sé af miklum gæðum og sýni ekki mikla fylgni við frammistöðu mótaðilans til að forðast neikvæð áhrif ef mótaðilinn lendir í vanskilum. Að auki ætti peningamarkaðssjóði að vera heimilt að fjárfesta að hámarki 10% af eignum sínum í endurhverfum verðbréfakaupum. Peningamarkaðssjóðir ættu ekki að nota aðrar skilvirkar aðferðir við stýringu eignasafns, þ.m.t. verðbréfalánveitingu og -lántöku, þar sem líklegt er að þær stangist á við þau fjárfestingarmarkmið sem peningamarkaðssjóðurinn vill ná.
- 28) Mikilvægt er að draga úr mótaðilaáhættu með því að setja skýrar kröfur um dreifingu hvað varðar eignasafn peningamarkaðssjóða til að takmarka áhættusækni peningamarkaðssjóða. Í þessu skyni ætti endurhverf verðbréfasala að vera veðtryggð að fullu og, til að takmarka rekstraráhættu ætti stök endurhverf verðbréfasala mótaðila ekki að nema meira en 15% af eignum peningamarkaðssjóðs. Allar OTC-afleiður ættu falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

- 29) Af varfærnisástæðum og til að koma í veg fyrir að peningamarkaðssjóðir hafi veruleg áhrif á stjórnun útgáfuaðila ætti að forðast mikla samþjöppun fjárfestinga, sem gefnar eru út af sama útgáfuaðila, hjá peningamarkaðssjóði.
- 30) Peningamarkaðssjóðir sem starfa einungis sem lífeyrissjóðir starfsmanna ættu að geta vikið frá tilteknum kröfum sem eiga við um fjárfestingar í öðrum peningamarkaðssjóðum, að því marki sem þátttakendur í slíkum kerfum, sem eru einstaklingar, falla undir takmarkandi skilyrði fyrir innlausn sem eru ekki tengd markaðspróun heldur tengjast sértækum og fyrirframskilgreindum atburðum í lífinu, svo sem starfslokum og öðrum sérstökum aðstæðum, þ.m.t. en ekki takmarkað við kaupum á föstu heimili, skilnaði, veikindum eða atvinnuleysi. Mikilvægt er að starfsmönnum sé heimilt að fjárfesta í peningamarkaðssjóðum en þeir teljast ein öruggasta skammtímafjárfestingin. Slík undanþága stefnir ekki í hættu markmiði þessarar reglugerðar, að tryggja fjármálastöðugleika, þar sem starfsfólk sem fjárfestir í peningamarkaðssjóðum fyrir milligöngu lífeyrissjóða starfsmanna getur ekki innleyst fjárfestingu sína hvenær sem er. Innlausn er einungis heimil ef um er að ræða ákveðna fyrirframskilgreinda atburði í lífinu. Því geta starfsmenn ekki innleyst fjárfestingu sína í peningamarkaðssjóðum, jafnvel ekki við erfiðar markaðsaðstæður.
- 31) Peningamarkaðssjóðum ætti að bera skylda til að fjárfesta í hæfum eignum af miklum gæðum. Því ættu peningamarkaðssjóðir að hafa varfærnar verklagsreglur um innra lánshæfismat til að ákvarða útlánagæði peningamarkaðsgerninga, verðbréfana og eignatryggðra skammtímabréfa sem þeir hyggjast fjárfesta í. Í samræmi við lög Sambandsins sem takmarka að treyst sé um of á lánshæfismat er mikilvægt að peningamarkaðssjóðir forðist að treysta vélrænt eða of mikið á hvers konar mat sem lánshæfismatstofnanir gefa út. Peningamarkaðssjóðir ættu að geta notað lánshæfismat sem viðbót við sitt eigið mat á gæðum hæfra eigna. Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða ættu að gera nýtt mat á peningamarkaðsgerningum, verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum hvenær sem veruleg breyting verður, einkum þegar athygli rekstraraðila peningamarkaðssjóðs er vakin á því að peningamarkaðsgerningur, verðbréfun eða eignatryggt skammtímabréf er fært niður um flokk, niður fyrir tvö hæstu skammtímalánshæfismötin sem veitt eru af einhverju lánshæfismatsfyrirtæki sem er eftirlitskytt og vottað í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009<sup>(1)</sup>. Í þessu skyni ætti rekstraraðili peningamarkaðssjóðs að geta komið á innra verklagi fyrir val á lánshæfismatsfyrirtæki sem hentar sérstöku fjárfestingasafni peningamarkaðssjóðsins og til að ákvarða hve oft peningamarkaðssjóðir ættu að vakta lánshæfismöt þessara matsfyrirtækja. Val á lánshæfismatsfyrirtækjum ætti að vera stöðugt.
- 32) Með hliðsjón af vinnu alþjóðlegra aðila, s.s. alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) og ráðgjafarnefndar um fjármálastöðugleika, (FSB) ásamt lögum Sambandsins, þ.m.t. reglugerð (EB) nr. 1060/2009 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB <sup>(2)</sup>, til þess að draga úr því að fjárfestar treysti um of á lánshæfismöt, er óviðeigandi að hindra neinn, þ.m.t. peningamarkaðssjóði, í að sækjast eftir eða fjármagna ytra lánshæfismat.
- 33) Til að tryggja að rekstraraðilar peningamarkaðssjóða noti ekki ólíkar matsviðmiðanir til að meta lánshæfi peningamarkaðsgerninga, verðbréfana og eignatryggðra skammtímabréfa og tengi þar með ólík áhættueinkenni við sama gerninginn er nauðsynlegt að rekstraraðilar peningamarkaðssjóða treysti á sömu viðmiðanirnar. Í því skyni ættu lágmarksviðmiðanir fyrir mat á peningamarkaðsgerningi, verðbréfun og eignatryggðu skammtímabréfi að vera samræmdar. Dæmi um viðmiðanir fyrir innra lánshæfismat eru megindlegir mælipættir á útgefanda gerningsins, s.s. fjárhagskennitölur, framvinda í efnahagsreikningi og viðmiðunarreglur fyrir arðsemi, sem hver og ein er metin og borin saman við sambærilega aðila og hópa innan atvinnugreinarinnar, og eigindlegir mælipættir á útgefanda gerningsins, s.s. skilvirkni í stjórnun og viðskiptaáætlun, sem hver og ein er greind til að ákvarða að heildaráætlun útgefanda hafi ekki neikvæð áhrif á lánshæfismat hans í framtíðinni. Hagstæð niðurstaða úr lánshæfismati ætti að endurspeglar nægjanlegt lánstraust útgefanda gerningsins og nægjanlegt lánshæfi gerninganna.
- 34) Til að þróa gagnsæja og samræmda innri lánshæfismatsaðferð ætti rekstraraðili peningamarkaðssjóðs að skrá niður verklagsreglurnar og lánshæfismötin. Sú krafa ætti að tryggja að verklagið fylgi skýrum reglubálki sem hægt er að vakta og að aðferðafræðin sem beitt er sé tilkynnt, ef þess er óskað, til fjárfesta og lögbærra yfirvalda í samræmi við þessa reglugerð.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB frá 21. maí 2013 um breytingu á tilskipun 2003/41/EB um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri, tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) og tilskipun 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða að því er varðar oftraust á lánshæfismöt (Stjtið. L 145, 31.5.2013, bls. 1).

- 35) Til að draga úr eignasafnsáhættu peningamarkaðssjóða er mikilvægt að takmarka binditíma með því að kveða á um hámark leyfilegs vegins meðalbinditíma (*e. weighted average maturity (WAM)*) og vegins meðallíftíma (*e. weighted average life (WAL)*).
- 36) Veginn meðalbinditími er notaður til að meta næmi peningamarkaðssjóðs gagnvart breytingum á vaxtastigum peningamarkaða. Við ákvörðun á vegnum meðalbinditíma ættu rekstraraðilar peningamarkaðssjóða að taka tillit til áhrifa af fjármálaafleiðugerningum, innlánnum, endurhverfum verðbréfakaupum og endurhverfum verðbréfasölum og endurspeglu áhrif þeirra á vaxtaáhættu peningamarkaðssjóðsins. Þegar peningamarkaðssjóður tekur þátt í skiptasamningi til að taka á sig áhættuskuldbindingu gagnvart gerningi með fasta vexti í stað breytilegra vaxta skal tekið tillit til þess við ákvörðun á vegnum meðalbinditíma.
- 37) Veginn meðallíftími er notaður til að meta útlánaáhættu eignasafns peningamarkaðssjóðs: því lengur sem endurgreiðslu höfuðstóls er frestað, því hærra er útlánaáhættan. Veginn meðallíftími er einnig notaður til að takmarka lausafjárahættu eignasafns peningamarkaðssjóðs. Andstætt útreikningi á vegnum meðalbinditíma heimilar útreikningur á vegnum meðallíftíma verðbréfa með breytilegum vöxtum og samsettra fjármálagerninga ekki notkun á endurstillingardögum vaxtastigs og notar frekar einungis tilgreindan lokagjalddaga fjármálagernings. Binditími sem notaður er við útreikning á vegnum meðallíftíma er eftirstöðvatími fram að löglegum innlausnardegi, þar sem það er eina dagsetningin þar sem rekstrarfélag getur vænst þess með sæmilegri vissu að gerningurinn hafi verið endurgreiddur. Vegna einstaks eðlis undirliggjandi eigna sumra verðbréfana og eignatryggðra skammtímabréfa ætti, ef um er að ræða afskriftargerninga, að vera hægt að byggja veginn meðallíftíma á útreikningi á binditíma afskriftargerninga, annaðhvort samningsbundnu afborgunarmynstri slíkra gerninga eða afborgunarmynstri undirliggjandi eigna þaðan sem sjóðsstreymi til innlausnar slíkra gerninga kemur.
- 38) Til að styrkja getu peningamarkaðssjóðs til að takast á við innlausnir og koma í veg fyrir að eignir þeirra séu innleystar á mjög miklum afslætti, ættu peningamarkaðssjóðir að hafa, á viðvarandi grundvelli, lágmarksfjárhæð í lausafjareignum með gjalddaga innan dags eða viku. Eignir á gjalddaga innan dags ættu að vera eignir á borð við reiðufé, verðbréf sem falla í gjalddaga innan eins vinnudags og endurverf verðbréfasala. Eignir á gjalddaga innan viku ættu að vera eignir á borð við reiðufé, verðbréf sem falla á gjalddaga innan viku og endurverf verðbréfasala. Ef um er að ræða peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera (*e. public debt CNAV MMF*) og peningamarkaðssjóði með lítið flökt í innra virði (*e. low volatility net asset value MMF, LVNAV MMF*) ætti einnig að telja takmarkað hlutfall ríkisskuldabréfa, með 190 daga eftirstöðvatíma sem hægt er að gera upp innan eins virks dags, með í vikulegar lausafjárkröfur. Ef um er að ræða peningamarkaðssjóði með breytilegt innra virði ætti takmarkað hlutfall peningamarkaðsgerninga, hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa hæfra peningamarkaðssjóða einnig að teljast með í vikulegri lausafjárkröfu, að því gefnu að hægt sé að gera þá upp innan fimm virkra daga. Til að reikna út hlutfall eigna á gjalddaga innan dags og viku ætti að nota lögbundinn innlausnardag eigna. Taka má tillit til möguleika rekstraraðila peningamarkaðssjóðs til að slíta samningi með skömmum fyrirvara. Sem dæmi ef hægt er að slíta endurhverfri verðbréfasölu með því að senda tilkynningu einum virkum degi fyrir ætti að telja hana sem eign með gjalddaga innan dags. Ef rekstraraðili hefur möguleika á að taka út reiðufé af innlánsreikningi með því að senda tilkynningu einum virkum degi fyrir ætti að telja það sem eign með gjalddaga innan dags. Þegar fjármálagerningur hefur innbyggðan sölurétt og hægt er að nýta réttinn daglega, eða innan fimm virkra daga, og lausnarverð réttarins er nálægt væntu virði gerningsins, ætti sá gerningur að teljast, eftir því sem við á, sem eign á gjalddaga innan dags eða viku.
- 39) Að því gefnu að peningamarkaðssjóðir geti fjárfest í eignum með mismunandi binditíma er mikilvægt að fjárfestar geti greint á milli ólíkra flokka peningamarkaðssjóða. Því ætti peningamarkaðssjóður að vera flokkaður annaðhvort sem skammtímapeningamarkaðssjóður eða hefðbundinn peningamarkaðssjóður. Skammtímapeningamarkaðssjóðir hafa það markmið að bjóða ávöxtun á peningamarkaðsvöxtum á sama tíma og þeir tryggja mesta mögulega öryggi fyrir fjárfesta. Með stuttum vegnum meðalbinditíma og stuttum vegnum meðallíftíma er áhættu við tímalengd og útlánaáhættu skammtímapeningamarkaðssjóða haldið í lágmarki.
- 40) Hefðbundnir peningamarkaðssjóðir hafa það markmið að bjóða ávöxtun sem er örlítið hærra en ávöxtun peningamarkaða og fjárfesta þeir því í eignum sem hafa lengri binditíma. Til að ná slíkri betri frammistöðu ætti peningamarkaðssjóðum að vera heimilt að beita rýmkvæðum takmörkunum fyrir eignasafnsáhættuna, líkt og vegnum meðalbinditíma og vegnum meðallíftíma.

- 41) Samkvæmt ákvæðum 84. gr. tilskipunar 2009/65/EB hafa rekstraraðilar peningamarkaðssjóða sem eru verðbréfasjóðir möguleikann á því að stöðva tímabundið innlausnir í sérstökum tilvikum þar sem aðstæður krefjast þess. Samkvæmt ákvæðum 16. gr. tilskipunar 2011/61/ESB og 47. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 <sup>(1)</sup> geta rekstraraðilar peningamarkaðssjóða sem eru sérhæfðir sjóðir notað sérstakt fyrirkomulag til að ráða við óvæntan illseljanleika eigna sjóðsins.
- 42) Til að tryggja viðeigandi lausafjárstýringu ættu peningamarkaðssjóðir að koma á fót traustum stefnum og verklagsreglum til að kynnast fjárfestum sínum. Stefnurnar sem rekstraraðili peningamarkaðssjóðs setur ættu að hjálpa til við að skilja fjárfestagrunn peningamarkaðssjóðsins að því marki að hægt sé að sjá fyrir stórar innlausnir. Til að koma í veg fyrir að peningamarkaðssjóður verði fyrir skyndilegum og umfangsmiklum innlausnum ætti sérstaklega að geta að stórum fjárfestum sem mynda verulegan hluta af eignum peningamarkaðssjóðsins, svo sem ef einn fjárfestir myndar stærra hlutfall en sem nemur eignum á gjalddaga innan dags. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs ætti, sé þess kostur, að líta á auðkenni fjárfesta sinna, jafnvel þegar þeir eru sýndir sem safnreikningar, gáttir eða aðrir óbeinir kaupendur.
- 43) Sem hluti af varfærinni áhættustjórnun ætti peningamarkaðssjóður, a.m.k. tvisvar á ári að framkvæma álagsprófun. Ætlast er til þess að rekstraraðili peningamarkaðssjóðs grípi til aðgerða til að styrkja traustleika peningamarkaðssjóðsins ef niðurstöður álagsprófunar sýna fram á veikleika.
- 44) Til að endurspegla raunverulegt verðgildi eigna ætti færsla á markaðsvirði að vera ákjósanlegasta aðferðin við mat. Rekstraraðila peningamarkaðssjóðs ætti ekki að vera heimilt að nota færslu á líkansvirði þegar markaðsvirði gefur áreiðanlegt virði eignar, þar sem líkansvirði hættir til að veita mat sem er ekki eins nákvæmt. Eignir eins og ríkis- og sveitarfélagavíxlar eða skuldaviðurkenningar til meðallangs eða skamms tíma eru almennt þær sem búið er við að hafi áreiðanlegt markaðsvirði. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs ætti að athuga hvort eftirmarkaður sýni rétta verðlagningu við verðmat á skammtímabréfum eða innlánskírteinum. Litið skal á endurkaupsverð sem útgefandi gefur upp sem gott mat á virði skammtímabréfa. Sumar eignir getur verið erfitt að meta út frá markaðsverði, t.d. sumar OTC-afleiður sem viðskipti eru höfð með í takmörkuðu umfangi. Þegar svo á við og þar sem færsla á markaðsvirði gefur ekki áreiðanlegt virði eignanna, ætti rekstraraðili peningamarkaðssjóðs að úthluta eigninni gangvirði með því að nota líkansvirði, t.d. ætti rekstraraðili peningamarkaðssjóðs að nota markaðsgögn líkt og ávöxtun samanburðarhæfra útgáfa og samanburðarhæfra útgefenda eða með því að afvaxta sjóðstreymi eignarinnar. Færsla á líkansvirði notar fjármálaráðgjafi til að úthluta eign gangvirði. Slík líkön geta t.d. verið þróuð af peningamarkaðssjóðnum sjálfum eða peningamarkaðssjóðurinn getur notað gildandi líkön frá utanaðkomandi aðilum líkt og upplýsingaveitum.
- 45) Peningamarkaðssjóðir með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera hafa það að markmiði að vernda stofnfé fjárfestingarinnar og á sama tíma tryggja hátt stig seljanleika. Meirihluti peningamarkaðssjóða með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera hafa innra virði á hvert safn hlutdeildarskírteina eða hluta, sem er t.d. 1 evra, 1 bandaríkjadalur eða 1 sterlingspund, þegar þeir úthluta tekjum til fjárfesta. Aðrir peningamarkaðssjóðir með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera safna upp tekjum í eiginlegu virði sjóðsins en halda innra virði eignarinnar stöðugu.
- 46) Til að taka tillit til sérkenna peningamarkaðssjóða með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera og peningamarkaðssjóða með lítið flökt í innra virði ætti þeim einnig að vera heimilt að nota hina alþjóðlega viðurkenndu aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs eins og sett er fram í alþjóðlegum reikningskjalastöðlum sem Sambandið hefur samþykkt fyrir tilteknar eignir. Samt sem áður, í þeim tilgangi að tryggja að munurinn á föstu innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf og innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf sé stöðugt vaktaður ættu peningamarkaðssjóðir með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera og peningamarkaðssjóðir með lítið flökt í innra virði einnig að reikna út virði eigna sinna með markaðsvirðisaðferðinni eða aðferðinni með líkansvirði.
- 47) Þar sem peningamarkaðssjóður ætti að birta innra virði sem endurspeglar allar hreyfingar á virði eigna sinna, ætti að námunda útgefið innra virði að næsta grunnpunkti eða jafngildi hans. Af því leiðir að þegar innra virði er birt í tilteknum gjaldmiðli, t.d. 1 evra, ætti að breyta virðinu í skrefum við hverja 0,0001 evru. Ef innra virði er 100 evrur ætti að breyta virðinu í skrefum við hverja 0,01 evru. Ef peningamarkaðssjóðurinn er með fast innra virði og fjárfestir í skuldum hins opinbera eða er með lítið flökt í innra virði ætti peningamarkaðssjóðurinn auk þess að geta birt fasta innra virðið og mismuninn á milli fasta innra virðisins og innra virðisins. Í því tilviki er fast innra virði reiknað út með því að námunda innra virði að næsta senti fyrir innra virði sem er 1 evra (hver hreyfing 0,01 evra).

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluáðila, vögun, gagnsæi og eftirlit (Stjtúð. ESB L 83, 22.3.2013, bls. 1).

- 48) Til að geta dregið úr mögulegum innlausnum fjárfesta við mikla erfiðleika á markaði ættu peningamarkaðssjóðir með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera og peningamarkaðssjóðir með lítið flökt í innra virði að hafa til staðar reglur fyrir lausafjargjöld og innlausnarhindranir til að tryggja vernd fjárfesta og koma í veg fyrir „ávinning af því að vera fyrstur“. Lausafjargjaldið ætti að endurspeglar á fullnægjandi hátt kostnað peningamarkaðssjóðsins við að mæta innlausnum og ætti ekki að mynda sektargjald sem myndi jafna tap sem aðrir fjárfestar verða fyrir í kjölfar innlausnar.
- 49) Ytri stuðningur sem peningamarkaðssjóði er veittur með það í huga að viðhalda annað hvort lausafjarsstöðu eða stöðugleika, eða í reynd hafa slík áhrif, auka hættuna á smitáhrifum milli geira peningamarkaðssjóða og annarra hluta fjármálageirans. Þriðju aðilar, þ.m.t. lánastofnanir, aðrar fjármálastofnanir eða lögaðilar í sömu samstæðu og peningamarkaðssjóðurinn, sem veita slíkan stuðning gætu haft áhuga á slíku, annað hvort vegna þess að þeir eiga fjárhagslega hlutdeild í rekstrarfélaginu sem stjórnar peningamarkaðssjóðnum eða vegna þess að þeir vilja forðast það að orðspor skaðist ef heiti þeirra er tengt við peningamarkaðssjóð í vanda. Þar sem þessir þriðju aðilar skuldbinda sig ekki ávallt með skýrum hætti til að veita eða tryggja stuðning ríkir óvissa um hvort slíkur stuðningur verði veittur þegar peningamarkaðssjóðurinn þarfnast hans. Vegna þess að stuðningur bakhjarla er valfrjáls stuðlar hann, við þær aðstæður, að óvissu meðal markaðsaðila um það hver muni bera tap peningamarkaðssjóðsins þegar það á sér stað. Þessi óvissa gerir peningamarkaðssjóði að öllum líkindum enn berskjaldaðri fyrir áhlaupum á meðan fjármálaóstöðugleiki varir, þegar breiðari fjárhagsleg áhætta er mest áberandi og þegar álitamál rísa upp varðandi heilbrigði bakhjarla og getu þeirra til að veita tengdum peningamarkaðssjóðum stuðning. Af þessum sökum ætti að banna ytri stuðning við peningamarkaðssjóði.
- 50) Áður en fjárfest er í peningamarkaðssjóði ættu fjárfestar að hafa skýrar upplýsingar um hvort peningamarkaðssjóðurinn er skammtímasjóður eða hefðbundinn sjóður og hvort peningamarkaðssjóðurinn er peningamarkaðssjóður með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera, peningamarkaðssjóður með lítið flökt í innra virði eða peningamarkaðssjóður með breytilegt innra virði. Til að forðast ósanngjarnar væntingar fjárfesta ætti að koma skýrt fram í öllum markaðsgögnum að peningamarkaðssjóður er ekki tryggð fjárfestingarleið. Peningamarkaðssjóðir ættu einnig að gera tilteknar aðrar upplýsingar aðgengilegar fjárfestum vikulega, þ.m.t. sundurliðun á binditíma eignasafnsins, gæði lánasafns og upplýsingar um 10 stærstu eignarhlutina í peningamarkaðssjóðnum.
- 51) Til viðbótar við þá skýrslugjöf sem nú þegar er krafist samkvæmt tilskipun 2009/65/EB eða 2011/61/ESB og til að tryggja að lögbær yfirvöld geti greint, vakt og brugðist við áhættum á markaði peningamarkaðssjóða, ættu peningamarkaðssjóðir að gefa skýrslu til lögbærra yfirvalda sinna með ítarlegum upplýsingum um peningamarkaðssjóðinn, þ.m.t. tegund og einkenni peningamarkaðssjóðsins, eignasafnsvísa og upplýsingar um eignirnar sem eru í eignasafninu. Lögbær yfirvöld ættu að safna saman gögnum á samræmdan hátt í öllu Sambandinu til að öðlast haldgóða vitneskju um helstu þróun markaðar peningamarkaðssjóðs. Til að auðvelda sameiginlega greiningu á mögulegum áhrifum á markaði peningamarkaðssjóða í Sambandinu, ætti að senda slík gögn til Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, ESMA), sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(1)</sup> sem ætti að mynda miðlægt gagnasafn peningamarkaðssjóða.
- 52) Lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðs ætti að sannreyna hvort peningamarkaðssjóðurinn getur farið að ákvæðum þessarar reglugerðar á áframhaldandi grundvelli. Því ættu lögbær yfirvöld að hljóta allar eftirlits- og rannsóknarheimildir, þ.m.t. möguleikann á að leggja á tiltekin viðurlög og ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd starfsemi þeirra að því er varðar þessa reglugerð. Þessar heimildir ættu ekki að hafa áhrif á heimildir samkvæmt tilskipun 2009/65/EB og tilskipun 2011/61/ESB. Lögbær yfirvöld verðbréfasjóða eða sérhæfðra sjóða ættu einnig að sannreyna að sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem hafa einkenni peningamarkaðssjóða og sem eru starfandi á þeim tíma sem þessi reglugerð öðlast gildi, fari að henni.
- 53) Til að tilgreina nánar tæknilega þætti þessarar reglugerðar ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar innleiðingu á millivísun til viðmiðananna fyrir STS-verðbréfun og eignatryggð skammtímaþréf, að því er varðar tilgreiningu á meginlegum og eigindlegum kröfum um seljanleika og láns hæfi sem gilda um eignir og að því er varðar tilgreiningu á viðmiðunum fyrir láns hæfismat. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stj.úf. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 <sup>(1)</sup>. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.

- 54) Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa vald til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skal falið að gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem leggja skal fyrir framkvæmdastjórnina að því er varðar sniðmát fyrir skýrslugjöf sem inniheldur upplýsingar um peningamarkaðssjóði fyrir lögber yfirvöld.
- 55) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að geta beitt öllu valdi sem henni er falið samkvæmt tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB að því er varðar þessa reglugerð. Henni er einnig falið að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum.
- 56) Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða þessa reglugerð fyrir 21. júlí 2022. Sú endurskoðun ætti að skoða reynsluna af því að beita þessari reglugerð og rýna í áhrifin á ólíka efnahagslega þætti sem tengjast peningamarkaðssjóðum. Hún ætti einnig að taka tillit til áhrifa á fjárfesta, peningamarkaðssjóði og rekstraraðila peningamarkaðssjóða í Sambandinu. Hún ætti einnig að meta hlutverkið sem peningamarkaðssjóðir leika við kaup á skuldum útgefnum eða tryggðum af aðildarríkjum, á sama tíma og hún tekur tillit til sérstakra eiginleika slíkra skulda þar sem þær gegna stóru hlutverki við fjármögnun aðildarríkja. Til viðbótar því ætti endurskoðunin að taka tillit til skýrslunnar sem um getur í 3. mgr. 509. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(2)</sup>, áhrifa þessarar reglugerðar á skammtímafjármagnsmarkaði og þróunar á sviði reglusetningar á alþjóðavettvangi. Að lokum ætti framkvæmdastjórnin, fyrir 21. júlí 2022, að leggja fram skýrslu um hagkvæmni þess að koma á fót 80% kvóta á skuldir hins opinbera í Sambandinu þar sem útgáfa ríkisskuldagerninga Sambandsins til skamms tíma fellur undir lög Sambandsins sem, frá sjónarhóli varfærniseftirlits, réttlætir því ívilnandi meðferð fremur en skuldir hins opinbera utan Sambandsins. Vegna núverandi skorts á ríkisskuldagerningum Sambandsins til skamms tíma og óvissuna að því er varðar þróun hinna nýlega stofnuðu peningamarkaðssjóða með lítið flökt í innra virði ætti framkvæmdastjórnin að skoða möguleikann á að setja 80% kvóta á skuldir hins opinbera Sambandsins fyrir 21. júlí 2022, þ.m.t. mat á því hvort líkan peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði er orðinn viðeigandi valkostur við peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera utan ESB.
- 57) Nýju samræmdu reglurnar um peningamarkaðssjóði sem þessi reglugerð kveður á um ættu að vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB <sup>(3)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 <sup>(4)</sup>.
- 58) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja að samræmdar varfærnis-, stjórnunar- og gagnsæiskröfur sem gilda um peningamarkaðssjóði alls staðar í Sambandinu og taka á sama tíma fullt tillit til þess að þörf er á að gæta jafnvægis milli öryggis og áreiðanleika peningamarkaðssjóða með skilvirkri stjórnun peningamarkaða og kostnaðar ýmissa hagsmunaaðila þeirra, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa þeirra er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 59) Í nýju samræmdu reglunum um peningamarkaðssjóði sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið neytendavernd, frelsi til atvinnurekstrar og vernd persónuupplýsinga. Beita ætti nýju samræmdu reglunum um peningamarkaðssjóði með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum,

<sup>(1)</sup> Stjóð ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjóð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjóð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjóð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

### Almenn ákvæði

#### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur fyrir peningamarkaðssjóði með staðfestu, eru reknir eða markaðssettir í Sambandinu, varðandi fjármálagerningana sem eru hæfir til fjárfestinga peningamarkaðssjóða, eignasafn peningamarkaðssjóðs, verðmat á eignum peningamarkaðssjóðs og kröfur um skýrslugjöf í tengslum við peningamarkaðssjóð.

Reglugerð þessi á við um sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem:

- a) eru leyfisskyldir sem verðbréfasjóðir eða hafa starfsleyfi sem verðbréfasjóðir samkvæmt tilskipun 2009/65/EB eða eru sérhæfðir sjóðir samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB,
  - b) fjárfesta í skammtímaeignum og
  - c) hafa sem sérstakt markmið eða hluta af öðrum markmiðum að bjóða ávöxtun í samræmi við peningamarkaðsvexti eða sem varðveita virði fjárfestingarinnar.
2. Aðildarríki skulu ekki bæta við frekari viðbótarkröfum á því sviði sem þessi reglugerð nær yfir.

#### 2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (1) „skammtímaeignir“: fjáreignir með eftirstöðvatíma sem fer ekki yfir tvö ár,
- (2) „peningamarkaðsgerningar“: peningamarkaðsgerningar eins og skilgreindir eru í o-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB og gerningar eins og um getur í 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB <sup>(1)</sup>,
- (3) „framseljanleg verðbréf“: framseljanleg verðbréf eins og skilgreind eru í n-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB og gerningar eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/16/EB,
- (4) „endurhverf verðbréfakaup“: allir samningar þar sem aðili framselur verðbréf eða réttindi sem tengjast þeim til mótaðila með skuldbindingu um endurkaup á þeim á tilgreindu verði á ákveðnum degi síðar sem búið er að tilgreina eða verður tilgreindur,
- (5) „endurhverf verðbréfasala“: allir samningar þar sem aðili móttekur verðbréf, eða réttindi sem tengjast þeim eða verðbréfi frá mótaðila með skuldbindingu um að selja þau til baka á tilteknu verði á ákveðnum degi síðar sem búið er að tilgreina eða verður tilgreindur,
- (6) „verðbréfalánveiting“ og „verðbréfalántaka“: öll viðskipti þar sem stofnun eða mótaðili hennar framselur verðbréf með því skilyrði að lántakandinn skili aftur jafngildum verðbréfum á ákveðnum degi síðar eða þegar framseljandi krefst þess og kallast viðskiptin „verðbréfalánveiting“ fyrir stofnunina sem framselur verðbréfin og „verðbréfalántaka“ fyrir stofnunina sem þau eru framseld til,
- (7) „verðbréfun“: verðbréfun eins og hún er skilgreind í 61. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- (8) „færsla á markaðsvirði“: mat á stöðum á lokaverði sem auðvelt er að nálgast og fengið er frá óháðum aðila, þ.m.t. verð á verðbréfamörkuðum, skjáverð eða verðtilboð frá nokkrum óháðum og virtum miðlurum,

<sup>(1)</sup> Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB frá 19. mars 2007 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum (Stjtíð. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 11).

- (9) „færsla á líkansvirði“: mat sem miða þarf út frá, framreikna eða á annan hátt reikna út frá einu eða fleiri söfnum markaðsgagna,
- (10) „aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs“: matsaðferð sem tekur öflunarkostnað eignar og leiðréttir það virði vegna afskrifta á yfirverði eða undirverði fram að gjalddaga.
- (11) „peningamarkaðssjóður með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera“ (*e. public debt constant net asset value MMF*): peningamarkaðssjóður:
- sem reynir að viðhalda óbreyttu innra virði á hverju hlutdeildarskírteini eða hlutabréfi,
  - þar sem tekjur sjóðsins ávinnast daglega og þær má annaðhvort greiða út til fjárfesta eða nota til að kaupa fleiri hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í sjóðnum,
  - þar sem eignir eru almennt metnar samkvæmt aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs og þar sem innra virði er námundað að næsta prósentustigi eða jafngildi þess í viðeigandi gjaldmiðli, og
  - sem fjárfestir að lágmarki 99,5% af eignum sínum í gerningum sem um getur í 7. mgr. 17. gr., endurhvernfi verðbréfasölu sem tryggð er með skuldum hins opinbera, sem um getur í 7. mgr. 17. gr., og í reiðufé,
- (12) „peningamarkaðssjóður með lítið flókt í innra virði“: peningamarkaðssjóður sem uppfyllir sértæku kröfurnar sem mælt er fyrir um í 29., 30. og 32. gr. sem og 33. gr. (2. mgr., b-lið),
- (13) „peningamarkaðssjóður með breytilegt innra virði“: peningamarkaðssjóður sem uppfyllir sértæku kröfurnar sem mælt er fyrir um í 29. og 30. gr. sem og í 33. gr. (1. mgr.),
- (14) „skammtímapeningamarkaðssjóður“: peningamarkaðssjóður sem fjárfestir í hæfum peningamarkaðsgerningum sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og fellur undir reglurnar um eignasöfn sem settar eru fram í 24. gr.,
- (15) „hefðbundinn peningamarkaðssjóður“: peningamarkaðssjóður sem fjárfestir í hæfum peningamarkaðsgerningum sem um getur í 1. og 2. mgr. 10 gr. og falla undir reglurnar um eignasöfn sem settar eru fram í 25. gr.,
- (16) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- (17) „lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðs“:
- fyrir verðbréfasjóði, lögbært yfirvald í heimaáildarríki verðbréfasjóðsins sem tilnefnt er í samræmi við 97. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
  - fyrir sérhæfða sjóði innan ESB, lögbært yfirvald heimaáildarríkis sérhæfða sjóðsins, eins og skilgreint er í p-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
  - fyrir sérhæfðra sjóði utan ESB, eitthvert af eftirfarandi:
    - lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem sérhæfði sjóðurinn utan ESB er markaðssettur án Evrópupassa,
    - lögbært yfirvald rekstraraðila sérhæfðs sjóðs innan ESB sem rekur sérhæfðan sjóð utan ESB, þar sem sérhæfði sjóðurinn utan ESB er markaðssettur innan Sambandsins með Evrópupassa eða er ekki markaðssettur í Sambandinu,
    - lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins ef sérhæfði sjóðurinn utan ESB er ekki rekinn af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs innan ESB og er markaðssettur í Sambandinu með Evrópupassa,
- (18) „lokagjalddagi“: dagurinn þegar höfuðstóll verðbréfs skal vera greiddur að fullu og sem ekki er valkvæður,
- (19) „veginn meðalbinditími“: meðaltími fram að lokagjalddaga eða, ef það er styttra, þar til vaxtastig er næst endurstíllt á peningamarkaðsvexti, fyrir allar undirliggjandi eignir í peningamarkaðssjóðnum sem endurspeglar hlutfallslegan eignarhlut í hverri eign,
- (20) „veginn meðallíftími“: meðaltími fram að lokagjalddaga allra undirliggjandi eigna í peningamarkaðssjóðnum sem endurspeglar hlutfallslegan eignarhlut í hverri eign,
- (21) „eftirstöðvatími“: sá tími sem eftir er fram að lokagjalddaga verðbréfs,

- (22) „skortsala“: hvers konar sala peningamarkaðssjóðs á gerningi sem ekki er í eigu peningamarkaðssjóðsins þegar hann gerir samning um sölu, þ.m.t. sala þar sem peningamarkaðssjóður hefur, við gerð samnings um sölu, tekið að láni eða samþykkt að taka að láni gerninginn sem afhenda skal við uppgjör, að undanskilinni:
- sölu annars hvors aðilans samkvæmt samningi um endurhverf verðbréfakaup þess efnis að annar aðilinn selji hinum verðbréf á tilgreindu verði gegn því að hinn aðilinn selji verðbréfið til baka á ákveðnum degi síðar á öðru tilgreindu verði, eða
  - þátttöku í framtíðarsamningi eða öðrum afleiðusamningi um að selja verðbréf á tilgreindu verði á ákveðnum degi síðar,
- (23) „rekstraraðili peningamarkaðssjóðs“: rekstrarfélag verðbréfasjóðsins, þegar um er að ræða peningamarkaðssjóð sem er verðbréfasjóður, eða fjárfestingarfélag verðbréfasjóðsins, þegar um er að ræða verðbréfasjóð undir eigin stjórn, og, rekstraraðili sérhæfðs sjóðs eða sérhæfður sjóður sem lýtur innri stjórn, þegar um er að ræða peningamarkaðssjóð sem er sérhæfður sjóður.

3. gr.

### Tegundir peningamarkaðssjóða

- Peningamarkaðssjóðum skal komið á fót sem eitt af eftirfarandi:
  - peningamarkaðssjóður með breytilegt innra virði,
  - peningamarkaðssjóður með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera,
  - peningamarkaðssjóður með lítið flökt í innra virði.
- Starfsleyfi peningamarkaðssjóðs skal taka skýrt fram hvaða tegund peningamarkaðssjóðurinn er, af þeim sem taldar eru upp í 1. mgr.

4. gr.

### Starfsleyfi peningamarkaðssjóða

- Ekki skal koma á fót sjóði um sameiginlega fjárfestingu, markaðssetja hann né reka í Sambandinu sem peningamarkaðssjóð nema hann hafi hlotið starfsleyfi í samræmi við þessa reglugerð.

Slíkt starfsleyfi skal gilda í öllum aðildarríkjunum.

- Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem er leyfis skyldur sem verðbréfasjóður samkvæmt tilskipun 2009/65/EB og sem peningamarkaðssjóður samkvæmt þessari reglugerð í fyrsta sinn skal hljóta starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður sem hluti af málsmeðferð við leyfisveitingu verðbréfasjóða samkvæmt tilskipun 2009/65/EB.

Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu hefur þegar hlotið starfsleyfi sem verðbréfasjóður samkvæmt tilskipun 2009/65/EB, getur hann sótt um starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. þessarar greinar.

- Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem er sérhæfður sjóður og sem þarf starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður samkvæmt þessari reglugerð skal hljóta starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður samkvæmt málsmeðferð við leyfisveitingu sem mælt er fyrir um í 5. gr.

- Ekki skal veita neinum sjóði um sameiginlega fjárfestingu starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður nema lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins sé þess fullvisst að peningamarkaðssjóðurinn muni uppfylla allar kröfur þessarar reglugerðar.

- Að því er varðar starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður skal sjóður um sameiginlega fjárfestingu leggja fram til lögbærs yfirvalds síns öll eftirfarandi skjöl:

- sjóðsreglur eða stofnsamninga peningamarkaðssjóðsins, þ.m.t. tilgreiningu á hvaða tegund peningamarkaðssjóðs hann er af þeim sem settir eru fram í 1. mgr. 3. gr.,
- auðkenni rekstraraðila peningamarkaðssjóðsins;

- c) auðkenni vörsluaðilans,
  - d) lýsingu á eða hvers konar upplýsingar um peningamarkaðssjóðinn sem eru aðgengilegar fjárfestum,
  - e) lýsingu á eða hvers konar upplýsingar um þær ráðstafanir og verklagsreglur sem nauðsynlegar eru til að fullnægja kröfunum sem um getur í II. – VII. kafla,
  - f) allar aðrar upplýsingar eða skjöl sem lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins krefst til að sannreyna að farið sé að kröfunum í þessari reglugerð.
6. Lögbær yfirvöld skulu, á ársfjórðungsgrundvelli, skýra Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni frá starfsleyfum sem veitt hafa verið eða dregin til baka samkvæmt þessari reglugerð.
7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda miðlæga opinbera skrá sem tilgreinir hvern peningamarkaðssjóð með starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð, tegund hans í samræmi við 1. mgr. 3. gr., hvort hann er skammtímasjóður eða hefðbundinn peningamarkaðssjóður, rekstraraðila peningamarkaðssjóðs og lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins. Skráin skal gerð aðgengileg á rafrænu formi.

5. gr.

**Málsmeðferðarreglur til að veita peningamarkaðssjóðum sem eru sérhæfðir sjóðir starfsleyfi**

1. Sérhæfður sjóður skal einungis hljóta starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður ef lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins samþykkir umsóknina sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða leggur fram, sem hefur þegar hlotið starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB til að reka peningamarkaðssjóð sem er sérhæfður sjóður og samþykkir einnig sjóðsreglurnar og valið á vörsluaðilanum.
2. Við framlagningu umsóknar um að reka peningamarkaðssjóð sem er sérhæfður sjóður, skal rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sem hefur starfsleyfi, láta lögbæru yfirvaldi peningamarkaðssjóðsins í té:
- a) skriflega samninginn við vörsluaðilann,
  - b) upplýsingar um tilhögun framsals varðandi stýringu eignasafn og áhættustýringu og stjórnsýslu að því er varðar sérhæfða sjóðinn,
  - c) upplýsingar um fjárfestingaráætlanir, áhættusnið og önnur einkenni peningamarkaðssjóða sem eru sérhæfðir sjóðir sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða rekur eða hyggst reka.
- Lögbæru yfirvaldi peningamarkaðssjóðsins er heimilt að biðja lögbært yfirvald rekstraraðila sérhæfðra sjóðsins um nánari útlistun og upplýsingar varðandi skjölin sem um getur í fyrstu undirgrein eða staðfestingu á því hvort peningamarkaðssjóðir séu innan gildissviðs starfsleyfis rekstraraðila sérhæfðra sjóðsins. Lögbært yfirvald rekstraraðila sérhæfðra sjóðsins skal svara slíkri beiðni innan 10 virka daga.
3. Rekstraraðili sérhæfðra sjóða skal tilkynna þegar í stað allar síðari breytingar á skjölum, sem um getur í 2. mgr., til lögbærs yfirvalds peningamarkaðssjóðsins.
4. Lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins skal einungis hafna umsókn rekstraraðila sérhæfðs sjóðs ef eitthvert eftirfarandi á við:
- a) rekstraraðili sérhæfðra sjóðsins fer ekki að þessari reglugerð,
  - b) rekstraraðili sérhæfðra sjóðsins fer ekki að tilskipun 2011/61/ESB,
  - c) rekstraraðili sérhæfðra sjóðsins hefur ekki hlotið starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi sínu til að reka peningamarkaðssjóði,
  - d) rekstraraðili sérhæfðra sjóðsins hefur ekki lagt fram þau skjöl sem um getur í 2. mgr.

Lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins skal hafa samráð við lögbært yfirvald rekstraraðila sérhæfðra sjóða áður en það hafnar umsókninni.

5. Starfsleyfi sérhæfðs sjóðs sem peningamarkaðssjóður skal hvorki vera með fyrirvara um að sérhæfði sjóðurinn sé rekinn af rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hefur starfsleyfi í heimaaðildarríki sérhæfðra sjóðsins né að rekstraraðili sérhæfðra sjóðsins stundi eða feli öðrum einhvers konar starfsemi í heimaaðildarríki sérhæfðra sjóðsins.

6. Innan tveggja mánaða frá framlagningu fullbúinnar umsóknar skal rekstraraðili sérhæfðra sjóða upplýstur um hvort sérhæfði sjóðurinn hefur hlotið starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður eða ekki.
7. Lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins skal ekki veita sérhæfðum sjóði starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður ef lagalegar hindranir standa í vegi fyrir því að sérhæfði sjóðurinn markaðssetji hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf í heimaaðildarríki sínu.

6. gr.

#### **Notkun á heitinu peningamarkaðssjóður**

1. Verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður skal einungis nota heitið „peningamarkaðssjóður“ í tengslum við sjálfan sig eða hlutdeildarskírteinin eða hlutabréfin sem hann gefur út þegar verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn hefur hlotið starfsleyfi í samræmi við þessa reglugerð.

Verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður skal ekki nota misvísandi eða ónákvæm heiti sem gefa í skyn að hann sé peningamarkaðssjóður nema hann hafi hlotið starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður í samræmi við þessa reglugerð.

Verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður skal ekki hafa einkenni sem eru efnislega svipuð þeim sem um getur í 1. mgr. 1. gr., nema hann hafi hlotið starfsleyfi sem peningamarkaðssjóður í samræmi við þessa reglugerð.

2. Notkun á heitinu „peningamarkaðssjóður“, eða öðru heiti sem gefur í skyn að verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður sé peningamarkaðssjóður, merkir notkun í hvers konar ytri skjölum, útboðs- og skráningarlýsingum, skýrslum, yfirlýsingum, auglýsingum, orðsendingum, bréfum eða öðru efni sem stílað er á eða ætlað til dreifingar til væntanlegra fjárfesta, eigenda hlutdeildarskírteina, hluthafa eða lögbærra yfirvalda, hvort sem er skriflega, munnlega, með rafrænum hætti eða á öðru formi.

7. gr.

#### **Gildandi reglur**

1. Peningamarkaðssjóður og rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins skulu ætíð fara að þessari reglugerð.
2. Peningamarkaðssjóður sem er verðbréfasjóður og rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins skulu ætíð fara að kröfunum í tilskipun 2009/65/EB nema annað sé tilgreint í þessari reglugerð.
3. Peningamarkaðssjóður sem er sérhæfður sjóður og rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins skulu ætíð fara að kröfunum í tilskipun 2011/61/ESB nema annað sé tilgreint í þessari reglugerð.
4. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal bera ábyrgð á því að farið sé að reglugerð þessari og skal vera ábyrgur fyrir öllu tapi eða tjóni sem hlýst af því að ekki sé farið að þessari reglugerð.
5. Þessi reglugerð skal ekki koma í veg fyrir að peningamarkaðssjóðir beiti fjárfestingartakmörkunum sem eru strangari en þær sem krafist er í þessari reglugerð.

#### *II. KAFLI*

#### *Skuldbindingar varðandi fjárfestingarstefnu peningamarkaðssjóða*

##### I. þáttur

#### **Almennar reglur og hæfar eignir**

8. gr.

#### **Almennar meginreglur**

1. Ef fleiri en ein fjárfestingardeild er í peningamarkaðssjóði skal sérhver fjárfestingardeild teljast sérstakur peningamarkaðssjóður að því er varðar kafla II. – VII.

2. Peningamarkaðssjóðir sem hafa starfsleyfi sem verðbréfasjóðir skulu ekki falla undir skuldbindingar varðandi fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs sem mælt er fyrir um í 49. – 50. gr. a, 51. gr. (2. mgr.) og 52. – 57. gr. tilskipunar 2009/65/EB nema annað sé tilgreint með skýrum hætti í þessari reglugerð.

9. gr.

#### Hæfar eignir

1. Peningamarkaðssjóður skal einungis fjárfesta í einum eða fleiri eftirfarandi flokkum fjáreigna og einungis við þær aðstæður sem tilgreindar eru í þessari reglugerð:

- a) peningamarkaðsgerningar, þ.m.t. fjármálagerningar útgefnir eða tryggðir hver fyrir sig eða sameiginlega af Sambandinu, landsbundnum, svæðisbundnum og staðbundnum yfirvöldum aðildarríkjanna eða seðlabönkum þeirra, Seðlabanka Evrópu, Fjárfestingarbanka Evrópu, Fjárfestingarsjóði Evrópu, Evrópska stöðugleikakerfinu, Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum, stjórnvöldum eða seðlabanka þriðja lands, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Alþjóðabankanum, Þróunarbanka Evrópuráðsins, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Alþjóðagreiðslubankanum eða annarri viðkomandi alþjóðlegri fjármálastofnun eða samtökum sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að,
- b) hæfar verðbréfanir og eignatryggð skammtímabréf,
- c) innlán hjá lánastofnunum,
- d) fjármálaafleiðugerningar,
- e) endurhverf verðbréfakaup sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 14. gr.,
- f) endurhverf verðbréfasala sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 15. gr.,
- g) hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í öðrum peningamarkaðssjóðum.

2. Peningamarkaðssjóður skal ekki stunda neina af eftirfarandi starfsemi:

- a) fjárfestingar í eignum öðrum en þeim sem um getur í 1. mgr.,
- b) skortsölu á eftirfarandi gerningum: peningamarkaðsgerningum, verðbréfunum, eignatryggðum skammtímabréfum og hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í öðrum peningamarkaðssjóðum,
- c) beinar eða óbeinar áhættuskuldbindingar vegna eigin fjár eða hrávara, þ.m.t. með afleiðum, skírteinum fyrir þeim, vísitölum sem byggjast á þeim, eða hverjum öðrum aðferðum eða gerningum sem hafa í för með sér áhættuskuldbindingu gagnvart þeim,
- d) stofna til samninga um verðbréfalánveitingu eða samninga um verðbréfalántöku eða hvaða annarra samninga sem myndu setja kvaðir á eignir peningamarkaðssjóðsins,
- e) lántökur og lánveitingar í reiðufé.

3. Peningamarkaðssjóður getur átt viðbótarlausafjáreignir í samræmi við 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

10. gr.

#### Hæfir peningamarkaðsgerningar

1. Peningamarkaðsgerningur skal vera fjárfestingarhæfur fyrir peningamarkaðssjóð að því tilskildu að hann uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

- a) hann falli innan eins af flokkum peningamarkaðsgerninga sem vísað er til í a-, b-, c- eða h-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

- b) hann sýni eitt af eftirfarandi einkennum:
- lokagjalddagi hans við útgáfu er eftir 397 daga eða fyrr;
  - eftirstöðvatími hans er 397 dagar eða skemmri;
- c) útgefandi peningamarkaðsgerningsins og gæði peningamarkaðsgerningsins hafa hlotið jákvætt mat skv. 19.–22 gr.,
- d) ef peningamarkaðssjóður fjárfestir í verðbréfun eða eignatryggðu skammtímabréfi fellur hann undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 11. gr.
2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. skal hefðbundnum peningamarkaðssjóðum einnig vera heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum með eftirstöðvatíma fram að lögbundnum innlausnardegi sem er 2 ár eða styttri að því tilskildu að fram að næsta endurstillingardegi vaxtastigs séu 397 dagar eða færri. Í þeim tilgangi skulu peningamarkaðsgerningar með breytilegum vöxtum og peningamarkaðsgerningar með föstum vöxtum, sem eru áhættuvarðir með skiptasamningum, endurstilltir á peningamarkaðsvexti eða vísitölu.
3. Ákvæði c-liðar 1. mgr. skulu ekki gilda um peningamarkaðsgerninga sem gefnir eru út eða tryggðir af Sambandinu, stjórnvaldi eða seðlabanka aðildarríkis, Seðlabanka Evrópu, Fjárfestingarbanka Evrópu, Evrópska stöðugleikakerfinu eða Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum.

*11. gr.*

#### **Hæfar verðbréfanir og eignatryggð skammtímabréf**

1. Bæði verðbréfun og eignatryggt skammtímabréf skulu teljast fjárfestingarhæf fyrir peningamarkaðssjóð að því tilskildu að verðbréfunin eða eignatryggða skammtímabréfið sé nægjanlega seljanlegt, hafi hlotið jákvætt mat skv. 19.–22. gr. og sé eitthvað af eftirfarandi:
- verðbréfun sem um getur í 13. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 <sup>(1)</sup>;
  - eignatryggt skammtímabréf útgefið af eignatryggðri skammtímabréfaáætlun sem:
    - nýtur fyllsta stuðnings eftirlitsskyldrar lánastofnunar sem nær yfir alla lausafjár-, útlána- og þýnningaráhættu ásamt öllum viðvarandi viðskiptakostnaði og viðvarandi kostnaði áætlunarinnar í tengslum við eignatryggða skammtímabréfið, ef nauðsyn krefur til að tryggja fjárfestinum fulla greiðslu sérhverrar fjárhæðar samkvæmt eignatryggða skammtímabréfinu,
    - er ekki endurverðbréfun og áhættuskuldbindingarnar sem liggja til grundvallar verðbréfunar hverra eignatryggðra skammtímabréfavíðskipta innihalda ekki verðbréfaðar stöður,
    - fela ekki í sér gerviverðbréfun eins og skilgreint er í 11. lið 242. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,
  - einföld, gagnsæ og stöðluð verðbréfun eða eignatryggð skammtímabréf.
2. Skammtímapeningamarkaðssjóður getur fjárfest í verðbréfun eða eignatryggðum skammtímabréfum sem um getur í 1. mgr. að því gefnu að eitthvert eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt, eftir því sem við á:
- lokagjalddagi við útgáfu verðbréfunar, sem um getur í a-lið 1. mgr., er eftir tvö ár eða fyrr og fram að næsta endurstillingardegi vaxtastigs eru 397 dagar eða minna,
  - lokagjalddagi við útgáfu er eftir 397 daga eða fyrr eða eftirstöðvatími verðbréfananna eða eignatryggðu skammtímabréfanna, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr., er 397 dagar eða minna,
  - verðbréfanirnar sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. eru afskriftargerningar og hafa veginn meðallífítíma sem er tvö ár eða styttri.

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 frá 10. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekjukurfu fyrir lánastofnanir (Stjtfð. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 1).

3. Hefðbundinn peningamarkaðssjóður getur fjárfest í verðbréfunum eða eignatryggðum skammtímabréfum sem um getur í 1. mgr. að því gefnu að eithvert eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt, eftir því sem við á:

- a) lokagjalddagi við útgáfu er eftir tvö ár eða fyrr eða eftirstöðvatími verðbréfananna og eignatryggðu skammtímabréfanna, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., er tvö ár eða minna og eftirstöðvatíminn fram að næsta endurstillingardegi vaxtastigs er 397 dagar eða minna,
- b) verðbréfanirnar sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. eru afskriftargerningar og hafa veginn meðallíf tíma sem er 2 ár eða styttri.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykka, í síðasta lagi 6 mánuðum frá gildistöku degi fyrirhugaðrar reglugerðar um STS-verðbréfun, framselda gerð í samræmi við 45. gr. sem breytir þessari grein með innleiðingu milli vísunar til viðmiðananna sem skilgreina STS-verðbréfunina og eignatryggð skammtímabréf í samsvarandi ákvæðum þeirrar reglugerðar. Breytingin skal öðlast gildi eigi síðar en 6 mánuðum eftir gildistöku dag þeirrar framseldu gerðar eða frá og með þeim degi þegar samsvarandi ákvæði koma til framkvæmda í fyrirhugaðri reglugerð um STS-verðbréfun, hvort heldur er síðar.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina skulu viðmiðanirnar sem skilgreina STS-verðbréfun og eignatryggð skammtímabréf innihalda a.m.k. eftirfarandi:

- a) kröfurnar sem varða einfaldleika verðbréfunar, þ.m.t. einkenni raunverulegrar sölu og staðlana sem farið er eftir í tengslum við sölutryggingu áhættuskuldbindinganna,
- b) kröfurnar að því er varðar stöðlun á verðbréfun, þ.m.t. kröfur um eftirhald áhættu,
- c) kröfurnar að því er varðar gagnsæi í verðbréfun, þ.m.t. veitingu upplýsinga til mögulegra fjárfesta,
- d) fyrir eignatryggð skammtímabréf, til viðbótar við a-, b- og c-lið, kröfurnar að því er varðar umsýsluaðila og stuðning umsýsluaðila við eignatryggðu skammtímabréfaáætlunina.

*12. gr.*

#### **Hæf innlán hjá lánastofnunum**

Innlán hjá lánastofnun skal vera fjárfestingarhæft fyrir peningamarkaðssjóð að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) innlánið er gjaldkræft við kröfu eða það má taka út hvenær sem er,
- b) binditími innlánsins er ekki lengri en 12 mánuðir,
- c) lánastofnunin hefur skráða skrifstofu sína í aðildarríki eða ef lánastofnunin hefur skráða skrifstofu sína í þriðja landi lýtur hún varfærnisreglum sem teljast jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

*13. gr.*

#### **Hæfir fjármálaafleiðugerningar**

Fjármálaafleiðugerningur skal vera fjárfestingarhæfur fyrir peningamarkaðssjóð að því tilskildu að viðskipti séu höfð með hann á skipulegum markaði eins og um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða utan markaðar og að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) að undirliggjandi þáttur afleiðugerningsins samanstandi af vöxtum, gengi gjaldmiðla, gjaldmiðlum eða vísitölum sem byggjast á einum þessara flokka,
- b) að afleiðugerningurinn þjóni einungis þeim tilgangi að vera áhættuvörn fyrir vaxta- eða gengisáhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar peningamarkaðssjóðsins,

- c) að mótaðilar að viðskiptum með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða séu stofnanir sem falla undir varfærnisreglur og -eftirlit og tilheyra flokkunum sem lögbær yfirvöld peningamarkaðssjóðsins samþykkja,
- d) að verðmæti afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða sé reiknað daglega, þannig að það sé áreiðanlegt og unnt sé að staðfesta það, og að unnt sé að selja þær, innleysa eða loka með mótfærslu á gangvirði hverju sinni að frumkvæði peningamarkaðssjóðsins.

14. gr.

**Hæf endurhverf verðbréfakaup**

Endurhverf verðbréfakaup skulu vera fjárfestingarhæf fyrir peningamarkaðssjóð að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) að þau séu notuð tímabundið, eigi lengur en sjö virka daga, einungis fyrir lausafjárstýringu og ekki til fjárfestingar, að öðru leyti en því sem um getur í c-lið,
- b) að mótaðila, sem tekur á móti eignum sem peningamarkaðssjóður yfirfærir sem tryggingu samkvæmt endurhverfum verðbréfakaupum, sé bannað að selja, fjárfesta í, veðsetja eða á annan hátt yfirfæra þær eignir án þess að peningamarkaðssjóður gefi fyrirframsamþykki,
- c) að reiðuféð sem peningamarkaðssjóðurinn tekur á móti sem hluta af endurhverfum verðbréfakaupum megi:
  - i. vera innlán í samræmi við f-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða
  - ii. fjárfesta í eignum sem um getur í 6. mgr. 15. gr., en skal ekki fjárfest að öðru leyti í hæfum eignum eins og um getur í 9. gr., yfirfæra eða endurnýta að öðru leyti,
- d) reiðuféð sem peningamarkaðssjóðurinn tekur á móti sem hluta af endurhverfum verðbréfakaupum fari ekki yfir 10% af eignum þess,
- e) peningamarkaðssjóðnum sé heimilt að segja upp samningnum hvenær sem er með því að tilkynna fyrirfram mest tveimur dögum fyrir.

15. gr.

**Hæfar endurhverfar verðbréfasölur**

1. Endurhverf verðbréfasala skal vera fjárfestingarhæf fyrir peningamarkaðssjóð að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) peningamarkaðssjóðnum er heimilt að segja upp samningnum hvenær sem er með mest tveggja virkra daga fyrirvara.
- b) markaðsvirði eignanna sem fengnar eru sem hluti af endurhverfri verðbréfasölu er ávallt a.m.k. jafnhátt virði útgreidds reiðufjár.

2. Eignirnar sem peningamarkaðssjóður fær sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu skulu vera peningamarkaðsgerningar sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 10 gr.

Eignirnar sem peningamarkaðssjóður fær sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu skulu ekki seldar, endurfjárfestar, veðsettar eða yfirfærðar á annan hátt.

3. Peningamarkaðssjóður skal ekki taka við verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu.

4. Eignirnar sem peningamarkaðssjóður tekur við sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu skulu vera nægjanlega fjölbreyttar, með hámarksáhættuskuldbindingu vegna tiltekins útgefanda sem nemur 15% af innra virði peningamarkaðssjóðsins, nema þegar þessar eignir eru peningamarkaðsgerningar sem uppfylla kröfurnar í 7. mgr. 17. gr. Því til viðbótar skulu eignirnar sem peningamarkaðssjóður tekur við sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu vera útgefna af aðila sem er óháður mótaðilanum og vænst er að sýni ekki mikla fylgni við árangur mótaðilans.

5. Peningamarkaðssjóður sem tekur þátt í endurhverfri verðbréfasölu skal tryggja að hann geti innkallað heildarfjárhæð reiðufjár hvenær sem er, annaðhvort á samsöfnuðum grunni eða á grunni markaðsvirðis. Þegar hægt er að innkalla reiðufé hvenær sem er á grundvelli markaðsvirðis skal markaðsvirði endurhverfrar verðbréfasölu notað til að reikna út innra virði peningamarkaðssjóðsins.

6. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar getur peningamarkaðssjóður tekið við seljanlegum, framseljanlegum verðbréfum eða peningamarkaðsgerningum, öðrum en þeim sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 10. gr., sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu, að því tilskildu að þær eignir uppfylli eitt af eftir farandi skilyrðum:

- a) þær eru gefnar út eða tryggðar af Sambandinu, stjórnvaldi eða seðlabanka aðildarríkis, Seðlabanka Evrópu, Fjárfestingarbanka Evrópu, Evrópska stöðugleikakerfinu eða Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum að því tilskildu að jákvætt mat hafi fengist skv. 19.–22. gr.,
- b) þær eru gefnar út eða tryggðar af stjórnvaldi eða seðlabanka þriðja lands að því tilskildu að jákvætt mat hafi fengist skv. 19.–22. gr.

Veita skal fjárfestum peningamarkaðssjóða upplýsingar um eignirnar sem tekið er við sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 (1).

Eignirnar sem tekið er við sem hluta af endurhverfri verðbréfasölu í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu uppfylla kröfurnar í 7. mgr. 17. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykka framseldar gerðir í samræmi við 45. gr. til viðbótar við þessa reglugerð með því að tilgreina meginlegar og eigindlegar kröfur um seljanleika sem við á um eignirnar sem um getur í 6. mgr. og meginlegar og eigindlegar kröfur um lánshæfi sem gilda um eignir sem um getur í a-lið 6. mgr. þessarar greinar.

Í þeim tilgangi skal framkvæmdastjórnin taka tillit til skýrslunnar sem um getur í 3. mgr. 509 gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Framkvæmdastjórnin skal samþykka framseldu gerðina sem um getur í fyrstu undirgrein eigi síðar en 21. janúar 2018.

16. gr.

### **Hæf hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í peningamarkaðssjóðum**

1. Peningamarkaðssjóði er heimilt að eignast hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í öðrum peningamarkaðssjóði („peningamarkaðssjóður sem fjárfest er í“) (*e. targeted MMF*) að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) ekki er hægt að fjárfesta meira en 10% eigna peningamarkaðssjóðsins sem fjárfest er í samanlagt, samkvæmt sjóðsreglum hans eða stofnsamningi, í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra peningamarkaðssjóða,
- b) peningamarkaðssjóðurinn sem fjárfest er í á ekki hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í peningamarkaðssjóðnum sem fjárfestir.

Peningamarkaðssjóður, sem hlutdeildarskírteini eða hlutabréf voru keypt í, skal ekki fjárfesta í peningamarkaðssjóðnum sem kaupir á því tímabili sem peningamarkaðssjóðurinn sem kaupir á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í honum.

2. Peningamarkaðssjóður getur eignast hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í öðrum peningamarkaðssjóðum, að því tilskildu að ekki meira en 5% eigna hans séu fjárfest í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum sama peningamarkaðssjóðs.

3. Peningamarkaðssjóður getur, samanlagt, ekki fjárfest meira en 17,5% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra peningamarkaðssjóða.

4. Hlutdeildarskírteini eða hlutabréf annarra peningamarkaðssjóða skulu teljast fjárfestingarhæf fyrir peningamarkaðssjóð að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) peningamarkaðssjóðurinn sem fjárfest er í hefur starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð,

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

- b) ef peningamarkaðssjóðnum sem fjárfest er í er stjórnad beint eða með umboði af sama rekstraraðila og þeim sem stjórnar peningamarkaðssjóðnum sem kaupir eða öðru fyrirtæki sem rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins sem kaupir tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, skal rekstraraðila peningamarkaðssjóðs sem fjárfest er í, eða slíku öðru fyrirtæki, bannað að taka áskriftar- eða innlausnargjald fyrir fjárfestingu peningamarkaðssjóðsins sem kaupir í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum peningamarkaðssjóðsins sem fjárfest er í,
- c) ef peningamarkaðssjóður fjárfestir 10% eða meira af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra peningamarkaðssjóða:
- skal í útboðs- og skráningarlýsingu þess peningamarkaðssjóðs tiltekinn hámarkstjórnumarkostnaður sem peningamarkaðssjóðurinn og aðrir peningamarkaðssjóðir sem hann hyggst fjárfesta í mega bera og
  - skal í ársskýrslu tilgreina hámarkshlutfall stjórnumarkostnaðar sem peningamarkaðssjóðurinn ber sjálfur og hinir peningamarkaðssjóðirnir sem hann fjárfestir í bera.
5. Ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu ekki gilda um peningamarkaðssjóð sem er sérhæfður sjóður með starfsleyfi í samræmi við 5. gr., þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- peningamarkaðssjóðurinn er eingöngu markaðssettur gegnum lífeyrissjóð starfsmanna sem heyrir undir landslög og þar sem einungis einstaklingar eru fjárfestar,
  - lífeyrissjóður starfsmanna sem um getur í a-lið heimilar fjárfestum einungis að innleysa fjárfestingar sínar samkvæmt takmarkandi innlausnarskilyrðum sem kveðið er á um í landslögum, þar sem innlausn getur einungis átt sér stað við ákveðnar aðstæður sem ekki tengjast markaðsþróun.
- Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. þessarar greinar getur peningamarkaðssjóður, sem er verðbréfasjóður með starfsleyfi í samræmi við 2. mgr. 4. gr., eignast hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í öðrum peningamarkaðssjóðum í samræmi við 55. eða 58. gr. tilskipunar 2009/65/EB með eftirfarandi skilyrðum:
- peningamarkaðssjóðurinn er eingöngu markaðssettur gegnum lífeyrissjóð starfsmanna sem heyrir undir landslög og þar sem einungis einstaklingar eru fjárfestar,
  - lífeyrissjóður starfsmanna sem um getur í a-lið heimilar fjárfestum einungis að innleysa fjárfestingar sínar samkvæmt takmarkandi innlausnarskilyrðum sem kveðið er á um í landslögum, þar sem innlausn getur einungis átt sér stað við ákveðnar aðstæður sem ekki tengjast markaðsþróun.
6. Skammtímapeningamarkaðssjóðir geta einungis fjárfest í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra skammtímapeningamarkaðssjóða.
7. Hefðbundnir peningamarkaðssjóðir geta fjárfest í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum skammtímapeningamarkaðssjóða og hefðbundinna peningamarkaðssjóða.

## II. þáttur

### Ákvæði um fjárfestingarstefnu

#### 17. gr.

#### Dreifing

- Peningamarkaðssjóður skal ekki fjárfesta meira en sem nemur:
  - 5% af eignum sínum í peningamarkaðsgerningum, verðbréfunum og eignatryggðum skammtímapréfum útgefnum af sama aðila,
  - 10% af eignum sínum í innlánnum hjá sömu lánastofnun nema uppbygging bankageirans í aðildarríkinu þar sem peningamarkaðssjóðurinn hefur lögheimili sé þannig að þar sé ónógur fjöldi öflugra lánastofnana til að uppfylla kröfuna um dreifingu og ekki sé efnahagslega mögulegt fyrir peningamarkaðssjóðinn að leggja inn í öðru aðildarríki, en í því tilviki má hann leggja allt að 15% af eignum sínum inn hjá sömu lánastofnuninni.
- Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. getur peningamarkaðssjóður með breytilegt innra virði fjárfest allt að 10% af eignum sínum í peningamarkaðsgerningum, verðbréfunum og eignatryggðum skammtímapréfum sem gefin eru út af sama aðila, að því gefnu að heildarvirði slíkra peningamarkaðsgerninga, verðbréfana og eignatryggðra skammtímapréfa sem peningamarkaðssjóður með breytilegt innra virði á í hverjum útgáfuaðila sem hann fjárfestir meira en 5% af eignum sínum í, fari ekki yfir 40% af virði eigna hans.

3. Allt til þess dags þegar framselda gerðin, sem um getur í 4. mgr. 11. gr., kemur til framkvæmda skal samtala allra áhættuskuldbindinga peningamarkaðssjóðs gagnvart verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum ekki fara yfir 15% af eignum peningamarkaðssjóðsins.

Frá og með deginum þegar framselda gerðin, sem um getur í 4. mgr. 11. gr. kemur til framkvæmda, skal samtala allra áhættuskuldbindinga peningamarkaðssjóðs gagnvart verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum ekki fara yfir 20% af eignum peningamarkaðssjóðsins, þar sem allt að 15% af eignum peningamarkaðssjóðsins getur verið fjárfest í verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum sem standast ekki viðmiðanirnar fyrir auðkenningu STS-verðbréfunar og eignatryggðra skammtímabréfa.

4. Samanlögð áhættuskuldbinding gagnvart sama mótaðila peningamarkaðssjóðs vegna OTC-afleiðuviðskipta sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 13. gr. skal ekki fara yfir 5% af eignum peningamarkaðssjóðsins.

5. Samanlögð fjárhæð reiðufjár sem veitt er sama mótaðila peningamarkaðssjóðs við endurhverfa verðbréfasölu skal ekki fara yfir 15% af eignum peningamarkaðssjóðsins.

6. Þrátt fyrir einstök mörk, sem mælt er fyrir um í 1. og 4. mgr., skal peningamarkaðssjóður ekki sameina eftirfarandi, ef það leiðir til þess að fjárfest er fyrir meira en 15% af eignum hans í útgáfum eins aðila:

- a) fjárfestingar í peningamarkaðsgerningum, verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum útgefnum af þeim aðila,
- b) innlán hjá viðkomandi aðila,
- c) OTC-fjármálaafleiðugerninga sem leiða til mótaðilaáhættu hjá þeim mótaðila.

Þrátt fyrir kröfuna um dreifingu sem um getur í fyrstu undirgrein er peningamarkaðssjóði heimilt að sameina þær tegundir fjárfestinga sem um getur í a – c-lið upp að að hámarki 20% eigna sinna í einum aðila, ef uppbygging fjármálamarkaða í aðildarríkinu þar sem peningamarkaðssjóðurinn hefur lögheimili er þannig að þar er ónógur fjöldi öflugra fjármálastofnana til að uppfylla kröfuna um dreifingu og ekki er efnahagslega mögulegt fyrir peningamarkaðssjóðinn að nota fjármálastofnanir í öðru aðildarríki.

7. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi peningamarkaðssjóðs heimilt að veita peningamarkaðssjóði leyfi til að fjárfesta, í samræmi við meginregluna um áhættudreifingu, allt að 100% af eignum sínum í ólíkum peningamarkaðsgerningum sem gefnir eru út eða tryggðir annaðhvort sérstaklega eða sameiginlega af Sambandinu, staðbundnum, svæðisbundnum eða landsbundnum yfirvöldum aðildarríkjanna eða seðlabönkum þeirra, Seðlabanka Evrópu, Fjárfestingarbanka Evrópu, Fjárfestingarsjóði Evrópu, Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum, stjórnvaldi eða seðlabanka þriðja lands, Alþjóðagjald-eyrissjóðnum, Alþjóðlega endurreisnar- og þróunarbankanum, Þróunarbanka Evrópuráðsins, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Alþjóðagreiðslubankanum eða annarri viðeigandi alþjóðlegri viðskiptastofnun eða fyrirtæki sem eitt eða fleiri aðildarríki tilheyra.

Fyrsta undirgreinin skal einungis gilda ef allar eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

- a) peningamarkaðssjóðurinn á peningamarkaðsgerninga frá a.m.k. sex mismunandi útgáfum frá útgefanda,
- b) peningamarkaðssjóðurinn takmarkar fjárfestinguna í peningamarkaðsgerningum frá sömu útgáfu við að hámarki 30% af eignum sínum,
- c) peningamarkaðssjóðurinn vísar með skýrum hætti, í sjóðsreglum sínum eða stofnsamningum, til allra yfirvalda, stofnana eða fyrirtækja sem um getur í fyrstu undirgrein sem gefa út eða tryggja, sérstaklega eða sameiginlega, peningamarkaðsgerninga sem hann hyggst fjárfesta meira en 5% eigna sinna í,
- d) peningamarkaðssjóðurinn hefur áberandi yfirlýsingu í útboðs- og skráningarlýsingu sinni og markaðsefni sem vekur athygli á notkun undanþágunnar og tiltekur öll yfirvöld, stofnanir eða fyrirtæki sem um getur í fyrstu undirgrein sem gefa út eða tryggja, sérstaklega eða sameiginlega, peningamarkaðsgerninga sem hann hyggst fjárfesta meira en 5% eigna sinna í.

8. Þrátt fyrir einstök mörk sem mælt er fyrir um í 1. mgr. er peningamarkaðssjóði eigi heimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í skuldabréfum útgefnum af einni og sömu lánastofnun sem hefur skráða skrifstofu sína í aðildarríki og sætir lögum samkvæmt sérstöku opinberu eftirliti sem ætlað er að vernda eigendur skuldabréfa. Einkum skal andvirði slíkra

skuldabréfa samkvæmt lögum notað til fjárfestinga í eignum sem staðið geta undir kröfum sem eru bundnar bréfunum allan gildistíma þeirra og skal endurgreiðsla höfuðstóls og áfallinna vaxta af þeim hafa forgang af andvirði eignanna ef útgefandi skuldabréfanna stendur ekki í skilum.

Fjárfesti peningamarkaðssjóður meira en 5% af eignum sínum í skuldabréfunum, sem um getur í fyrstu undirgrein og einn útgefandi gefur út, skal heildarverðmæti þeirra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum peningamarkaðssjóðsins.

9. Þrátt fyrir einstök mörk sem mælt er fyrir um í 1. mgr., er peningamarkaðssjóði eigi heimilt að fjárfesta meira en 20% af eignum sínum í skuldabréfum útgefnum af lánastofnun þar sem kröfurnar sem settar eru fram í f-lið 1. mgr. 10. gr. eða c-lið 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61 eru uppfylltar, þ.m.t. allar mögulegar fjárfestingar í eignum sem um getur í 8. mgr. þessarar greinar.

Fjárfesti peningamarkaðssjóður meira en 5% af eignum sínum í skuldabréfunum sem um getur í fyrstu undirgrein og einn útgefandi gefur út skal heildarverðmæti þeirra fjárfestinga ekki fara yfir 60% af virði eigna peningamarkaðssjóðsins, þ.m.t. allar mögulegar fjárfestingar í eignum sem um getur í 8. mgr., innan þeirra marka sem sett eru fram þar.

10. Félög, sem teljast til sömu samstæðu að því er varðar samstæðureikningsskil samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB <sup>(1)</sup> eða í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar reikningsskilareglur, skulu teljast einn aðili að því er varðar útreikning á mörkunum sem um getur í 1.–6. mgr. þessarar greinar.

*18. gr.*

### **Sambjöppun**

1. Peningamarkaðssjóður skal ekki eiga meira en 10% af þeim peningamarkaðsgerningum, verðbréfunum og eignatryggðum skammtímabréfum sem sami aðili gefur út.

2. Takmörkunin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skal ekki gilda um eignarhlut í peningamarkaðsgerningum sem gefnir eru út eða tryggðir af Sambandinu, staðbundnum, svæðisbundnum eða landsbundnum yfirvöldum aðildarríkjanna eða seðlabönkum þeirra, Seðlabanka Evrópu, Fjárfestingarbanka Evrópu, Fjárfestingarsjóði Evrópu, Evrópska stöðugleikakerfinu, Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum, stjórnvaldi eða seðlabanka þriðja lands, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Alþjóðabankanum, Þróunarbanka Evrópuráðsins, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Alþjóðagreiðslubankanum eða annarri viðeigandi alþjóðlegri fjármálastofnun eða fyrirtæki sem eitt eða fleiri aðildarríki tilheyra.

III. þáttur

### **Lánshæfi peningamarkaðsgerninga, verðbréfana og eignatryggðra skammtímabréfa**

*19. gr.*

#### **Innri lánshæfismatsaðferð**

1. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal koma á fót, framkvæma og beita með samræmdum hætti varfærinni innri lánshæfismatsaðferð til að ákvarða lánshæfi peningamarkaðsgerninga, verðbréfana og eignatryggðra skammtímabréfa, með tilliti til útgefanda gerningsins og einkenna gerningsins sjálfs.

2. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal tryggja að upplýsingarnar sem notaðar eru við beitingu innri lánshæfismatsaðferðarinnar séu af fullnægjandi gæðum, séu uppfærðar og byggist á áreiðanlegum heimildum.

3. Innri lánshæfismatsaðferðin skal byggjast á aðferðum sem eru varfærnar, kerfisbundnar og fela í sér símat. Aðferðafræðin sem notuð er skal falla undir sannreyningu rekstraraðila peningamarkaðssjóðs, sem byggist á fenginni reynslu og reynslugögnum, þ.m.t. afturvirkum prófunum.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjttð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

4. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal tryggja að innri lánshæfismatsaðferðin fari að öllum eftirfarandi almennum meginreglum:
- a) að komið sé á skilvirku ferli til að nálgast og uppfæra viðeigandi upplýsingar um útgefandann og einkenni gerningsins,
  - b) að viðeigandi ráðstafanir séu samþykktar og þeim hrundið í framkvæmd til að tryggja að innri lánshæfismatsaðferðin byggist á ítarlegri greiningu upplýsinganna sem liggja fyrir og eru viðeigandi, og hafi að geyma alla viðeigandi þætti sem hafa áhrif á lánstraust útgefandans og lánshæfi gerningsins,
  - c) að eftirlit sé haft með innri lánshæfismatsaðferðinni á viðvarandi grundvelli og að öll lánshæfismöt séu endurskoðuð a.m.k. árlega,
  - d) þar sem ekki skal um of treyst vélrænt á ytra mat í samræmi við 5. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs gera nýtt lánshæfismat fyrir peningamarkaðsgerninga, verðbréfanir og eignatryggð skammtímabréf þegar veruleg breyting á sér stað sem gæti haft áhrif á núverandi mat gerningsins,
  - e) aðferðafræðin við lánshæfismat skal endurskoðuð a.m.k. árlega af rekstraraðila peningamarkaðssjóðs til að ákvarða hvort hún sé enn viðeigandi fyrir fyrirliggjandi eignasafn og ytri aðstæður og skal endurskoðunin send til lögbærs yfirvalds rekstraraðila peningamarkaðssjóðsins. Þegar rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins finnur villur í aðferðafræði við lánshæfismat eða í beitingu sinni skal hann lagfæra þær villur tafarlaust,
  - f) ef aðferðafræði, líkönum eða lykilorðum, sem notaðar eru í innri lánshæfismatsaðferðinni, er breytt skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs endurskoða öll innri lánshæfismöt sem verða fyrir áhrifum af því eins fljótt og mögulegt er.

20. gr.

#### **Innra lánshæfismat**

1. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal beita aðferðinni sem mælt er fyrir um í 19. gr. til að ákvarða hvort lánshæfi peningamarkaðsgernings, verðbréfunar eða eignatryggðs skammtímabréfs hljóti jákvætt mat. Ef lánshæfismatsfyrirtæki, sem skráð er og vottað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009, hefur metið þann peningamarkaðsgerning getur rekstraraðili peningamarkaðssjóðs haft hliðsjón af slíku mati og viðbótarupplýsingum og greiningu í innra lánshæfismati sínu, án þess að treysta eingöngu eða vélrænt á slíkt mat í samræmi við 5. gr. a reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.
2. Lánshæfismatið skal a.m.k. taka tillit til eftirfarandi þátta og almennra meginreglna:
- a) mælingar á útlánaáhættu útgefandans og hlutfallslegrar vanskilaáhættu útgefandans og gerningsins,
  - b) eigindlegra vísa um útgefanda gerningsins, þ.m.t. í ljósi þjóðhagslegra aðstæðna og aðstæðna á fjármálamarkaði,
  - c) skammtímaeðlis peningamarkaðsgerninga,
  - d) eignaflokks gerningsins,
  - e) tegundar útgefanda þar sem greinarmunur er gerður á a.m.k. eftirfarandi tegundum útgefanda: landsbundnum, svæðisbundnum eða staðbundnum yfirvöldum, fjármálafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum en fjármálafyrirtækjum,
  - f) fyrir samsetta fjármálagerninga, rekstrar- og mótaðilaáhættu sem er innbyggð í samsettu fjármálaviðskiptin og ef um er að ræða áhættuskuldbindingu gagnvart verðbréfunum, útlánaáhættu útgefandans, fyrirkomulags verðbréfunar og útlánaáhættu undirliggjandi eigna,
  - g) lausafjárniðs gerningsins.

Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs getur, til viðbótar við þættina og almennu meginreglurnar sem um getur í þessari málsgrein, tekið tillit til viðvarana og vísa við ákvörðun á lánshæfi peningamarkaðsgerninga sem um getur í 7. mgr. 17. gr.

21. gr.

### Skjölun

1. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal halda skrár um innri lánshæfismatsaðferð sína og lánshæfismöt. Skráningin skal innihalda allt eftirfarandi:
  - a) upplýsingar um hönnun og rekstrarleg atriði innri lánshæfismatsaðferðarinnar á þann hátt sem gerir lögbærum yfirvöldum kleift að skilja og meta hversu viðeigandi lánshæfismat er,
  - b) rökstuðninginn og greininguna sem styður lánshæfismatið ásamt vali stjórnanda peningamarkaðssjóðsins á viðmiðunum fyrir, og tíðni á, endurskoðun lánshæfismatsins,
  - c) allar meiriháttar breytingar á innri lánshæfismatsaðferðinni, þ.m.t. tilgreiningu á atriðum sem hrinda slíkum breytingum af stað,
  - d) skipulagningu á innri lánshæfismatsaðferðinni og innra eftirlitskerfi,
  - e) heildstæð gögn um sögu innri lánshæfismata gerninga, útgefenda og, þar sem við á, viðurkenndra ábyrgðarveitenda,
  - f) ábyrgðaraðila (einn eða fleiri) innri lánshæfismatsaðferðarinnar.
2. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal halda öll gögn sem um getur í 1. mgr. a.m.k. í þrjú heil árleg reiknings-skilatímabil.
3. Innri lánshæfismatsaðferðin skal tilgreind í sjóðsreglum eða samþykktum peningamarkaðssjóðsins og öll gögn sem um getur í 1. mgr. skulu gerð aðgengileg lögbærum yfirvöldum peningamarkaðssjóðsins og lögbærum yfirvöldum rekstraraðila peningamarkaðssjóðsins ef þess er óskað.

22. gr.

### Framseldar gerðir um lánshæfismat

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 45. gr. til að bæta við þessa reglugerð með því að tilgreina eftirfarandi atriði:

- a) viðmiðanir fyrir sannreyningu á aðferðafræði lánshæfismats, eins og um getur í 3. mgr. 19. gr.,
- b) viðmiðanir til að mæla útlánaáhættu, og hlutfallslega vanskilaáhættu útgefandans og gerningsins, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr.,
- c) viðmiðanir til að koma á eiginlegum vísnum í tengslum við útgefanda gerningsins, eins og um getur í b-lið 2. mgr. 20. gr.,
- d) verulegar breytingar, eins og um getur í d-lið 4. mgr. 19. gr.

23. gr.

### Stjórnarhættir fyrir lánshæfismat

1. Innri lánshæfismatsaðferðin skal samþykkt af framkvæmdastjórn, stjórn og, þar sem slíkt er fyrir hendi, eftirlitseiningu rekstraraðila peningamarkaðssjóðs.

Þessir aðilar skulu hafa góðan skilning á innri lánshæfismatsaðferðinni og aðferðafræðinni sem rekstraraðili peningamarkaðssjóðs beitir, ásamt ítarlegum skilningi á tengdum skýrslum.

2. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal gefa skýrslu til aðilanna sem um getur í 1. mgr. um útlánaáættusnið peningamarkaðssjóðsins sem byggist á greiningu á innri lánshæfismötum peningamarkaðssjóðsins. Tíðni skýrslugjafar skal velta á mikilvægi og tegund upplýsinga og skal vera árleg hið minnsta.

3. Framkvæmdastjórn skal tryggja, á viðvarandi grundvelli, að innri lánshæfismatsaðferðin starfi rétt.

Upplýsa skal framkvæmdastjórn reglulega um frammistöðu innri lánshæfismatsaðferðarinnar, á hvaða sviðum vankantar hafa greinst og stöðu átaks og aðgerða til úrbóta á þegar greindum annmörkum.

4. Innri lánshæfismöt og reglubundin endurskoðun þeirra af hálfu rekstraraðila peningamarkaðssjóðs skulu ekki framkvæmd af sömu einstaklingum og framkvæma eða bera ábyrgð á stýringu eignasafns peningamarkaðssjóðs.

### III. KAFLI

#### *Skuldbindingar varðandi áhættustýringu peningamarkaðssjóða*

#### 24. gr.

#### **Reglur um eignasöfn fyrir skammtímapeningamarkaðssjóði**

1. Skammtímapeningamarkaðssjóður skal á viðvarandi grundvelli fara að öllum eftirfarandi kröfum um eignasafn:
  - a) eignasafn þess skal hafa veginn meðalbínditíma að hámarki 60 daga,
  - b) eignasafn þess skal hafa veginn meðallíftíma að hámarki 120 daga, með fyrirvara um aðra og þriðju undirgrein,
  - c) hjá peningamarkaðssjóðum með lítið flökt í innra virði og peningamarkaðssjóðum með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera skulu að lágmarki 10% eigna vera eignir á gjalddaga innan dags, endurhverf verðbréfasala, sem hægt er að slíta með því að senda tilkynningu einum virkum degi fyrr, eða reiðufé sem hægt er að taka út með því að senda tilkynningu einum virkum degi fyrr. Peningamarkaðssjóður með lítið flökt í innra virði eða peningamarkaðssjóður með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera á ekki að eignast neinar eignir nema eignir á gjalddaga innan dags ef slík kaup myndu leiða til þess að peningamarkaðssjóðurinn fjárfesti innan við 10% af eignasafni sínu í eignum á gjalddaga innan dags,
  - d) hjá skammtímapeningamarkaðssjóði með breytilegt innra virði skal að lágmarki 7,5% eigna vera eignir á gjalddaga innan dags, endurhverf verðbréfasala, sem hægt er að slíta með því að senda tilkynningu einum virkum degi fyrr, eða reiðufé sem hægt er að taka út með því að senda tilkynningu einum virkum degi fyrr. Skammtímapeningamarkaðssjóður með breytilegt innra virði á ekki að eignast neinar eignir nema eignir á gjalddaga innan dags ef slík kaup myndu leiða til þess að peningamarkaðssjóður fjárfesti innan við 7,5% af eignasafni sínu í eignum á gjalddaga innan dags,
  - e) hjá peningamarkaðssjóðum með lítið flökt í innra virði og peningamarkaðssjóðum með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera skulu að lágmarki 30% eigna vera eignir á gjalddaga innan viku, endurhverf verðbréfasala, sem hægt er að slíta með því að senda tilkynningu fimm virkum dögum fyrr, eða reiðufé sem hægt er að taka út með því að senda tilkynningu fimm virkum dögum fyrr. Peningamarkaðssjóður með lítið flökt í innra virði eða peningamarkaðssjóður með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera á ekki að eignast neinar eignir nema eignir á gjalddaga innan viku ef slík kaup myndu leiða til þess að peningamarkaðssjóður fjárfesti innan við 30 % af eignasafni sínu í eignum á gjalddaga innan viku,
  - f) hjá skammtímapeningamarkaðssjóði með breytilegt innra virði skal að lágmarki 15% eigna vera eignir á gjalddaga innan viku, endurhverf verðbréfasala, sem hægt er að slíta með því að senda tilkynningu fimm virkum dögum fyrr, eða reiðufé sem hægt er að taka út með því að senda tilkynningu fimm virkum dögum fyrr. Skammtímapeningamarkaðssjóður með breytilegt innra virði á ekki að eignast neinar eignir nema eignir á gjalddaga innan viku ef slík kaup myndu leiða til þess að peningamarkaðssjóður fjárfesti innan við 15% af eignasafni sínu í eignum á gjalddaga innan viku,
  - g) að því er varðar útreikningana sem um getur í e-lið, er heimilt að telja eignir sem um getur í 7. mgr. 17. gr. sem eru auðseljanlegar og hægt er að innleysa og gera upp innan eins virks dags og hafa eftirstöðvatíma allt að 190 daga, með eignum á gjalddaga innan viku í eigu peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði og peningamarkaðssjóðs með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera upp að hámarki 17,5%.

- h) að því er varðar útreikningana sem um getur í f-lið er heimilt að telja peningamarkaðsgerninga eða hlutdeildarskírteini eða hlutabréf annarra peningamarkaðssjóða með eignum á gjalddaga innan viku í eigu skammtímapeningamarkaðssjóðs með breytilegt innra virði upp að hámarki 7,5% eigna hans, að því gefnu að hægt sé að innleysa þau og gera upp innan fimm virkra daga.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar, þegar veginn meðallíftími er reiknaður út fyrir verðbréf, þ.m.t. samsetta fjármálagerninga, skal skammtímapeningamarkaðssjóður byggja útreikning á binditíma á eftirstöðvatíma að lögbundnum innlausnardegi gerninganna. Ef fjármálagerningur felur hins vegar í sér sölurétt er skammtímapeningamarkaðssjóði heimilt að byggja útreikning á binditíma á nýtingardegi söluréttarins í stað eftirstöðvatíma en aðeins ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt öllum stundum:

- i. skammtímapeningamarkaðssjóðnum er frjálst að nýta söluréttinn á nýtingardegi hans,
- ii. lausnarverð söluréttarins helst nálægt væntu virði gerningsins á nýtingardegi,
- iii. fjárfestingaráætlun skammtímapeningamarkaðssjóðsins gefur til kynna að miklar líkur séu á að rétturinn verði nýttur á nýtingardegi.

Þrátt fyrir aðra undirgrein, þegar veginn meðallíftími verðbréfasala og eignatryggðra skammtímapeningamarkaðssjóðs er reiknaður út getur skammtímapeningamarkaðssjóður byggt útreikning líftíma á einu af eftirfarandi, ef um er að ræða afskriftargerninga:

- i. samningsbundnu afborgunarmynstri slíkra gerninga,
  - ii. afborgunarmynstri undirliggjandi eigna þaðan sem sjóðstreymi fyrir innlausn slíkra gerninga kemur.
2. Ef farið er fram úr þeim mörkum sem um getur í þessari grein af ástæðum sem peningamarkaðssjóður ræður ekki við eða vegna þess að áskriftarréttur eða innlausnarréttur er nýttur skal sá peningamarkaðssjóður samþykka sem forgangsmarkmið að leiðrétta það ástand að teknu tilhlýðilegu tilliti til hagsmuna eigenda hlutdeildarskírteina eða hluthafa.
3. Allir peningamarkaðssjóðir sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar geta tekið á sig form skammtímapeningamarkaðssjóðs.

25. gr.

#### **Reglur um eignasöfn fyrir hefðbundna peningamarkaðssjóði**

1. Hefðbundinn peningamarkaðssjóður skal á viðvarandi grundvelli fara að öllum eftirfarandi kröfum:
  - a) eignasafn hans skal alltaf hafa veginn meðalbinditíma að hámarki 6 mánuði,
  - b) eignasafn hans skal alltaf hafa veginn meðallíftíma að hámarki 12 mánuði, með fyrirvara um aðra og þriðju undirgrein,
  - c) að lágmarki 7,5% eigna hans skulu vera eignir á gjalddaga innan dags, endurhverf verðbréfasala sem hægt er að slíta með því að senda tilkynningu einum virkum degi fyrir eða reiðufé sem hægt er að taka út með því að senda tilkynningu einum virkum degi fyrir. Hefðbundinn peningamarkaðssjóður á ekki að eignast neinar eignir nema eignir á gjalddaga innan dags ef slík kaup myndu leiða til þess að peningamarkaðssjóður fjárfesti innan við 7,5% af eignasafni sínu í eignum á gjalddaga innan dags,
  - d) að lágmarki 15% eigna hans skulu vera eignir á gjalddaga innan viku, endurhverf verðbréfasala sem hægt er að slíta með því að senda tilkynningu fimm virkum dögum fyrir eða reiðufé sem hægt er að taka út með því að senda tilkynningu fimm virkum dögum fyrir. Hefðbundinn peningamarkaðssjóður á ekki að eignast neinar eignir nema eignir á gjalddaga innan viku ef slík kaup myndu leiða til þess að peningamarkaðssjóður fjárfesti innan við 15% af eignasafni sínu í eignum á gjalddaga innan viku,
  - e) að því er varðar útreikningana sem um getur í d-lið er hægt að telja peningamarkaðsgerninga eða hlutdeildarskírteini eða hlutabréf annarra peningamarkaðssjóða með eignum á gjalddaga innan viku, upp að allt að 7,5% eigna hans, að því gefnu að hægt sé að innleysa þá og gera upp innan fimm virkra daga.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar, þegar veginn meðallíftími er reiknaður út fyrir verðbréf, þ.m.t. samsetta fjármálagerninga, skal hefðbundinn peningamarkaðssjóður byggja útreikning á binditíma á eftirstöðvatíma að lögbundnum innlausnardegi gerninganna. Ef sá fjármálagerningur felur hins vegar í sér sölurétt er hefðbundnum peningamarkaðssjóði heimilt að byggja útreikning á binditíma á nýtingardegi söluréttarins í stað eftirstöðvatíma en aðeins ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt öllum stundum:

- i. hefðbundna peningamarkaðssjóðnum er frjálst að nýta söluréttinn á nýtingardegi hans,
- ii. lausnarverð söluréttarins helst nálægt væntu virði gerningsins á nýtingardegi,
- iii. fjárfestingaráætlun hefðbundna peningamarkaðssjóðsins gefur til kynna að miklar líkur séu á að rétturinn verði nýttur á nýtingardegi.

Þrátt fyrir aðra undirgrein, þegar veginn meðallíftími er reiknaður út fyrir verðbréfun og eignatryggð skammtímabréf, getur hefðbundinn peningamarkaðssjóður byggt útreikning líftíma á einu af eftirfarandi, ef um er að ræða afskriftargerninga:

- i. sammingsbundnu afborgunarmynstri slíks gernings,
  - ii. afborgunarmynstri undirliggjandi eigna þaðan sem sjóðstreymi fyrir innlausn slíks gernings kemur.
2. Ef farið er fram úr þeim mörkum sem um getur í þessari grein af ástæðum sem hefðbundinn peningamarkaðssjóður ræður ekki við eða vegna þess að áskriftarréttur eða innlausnarréttur er nýttur skal sá peningamarkaðssjóður samþykka sem forgangsmarkmið að leiðrétta það ástand að teknu tilhlýðilegu tilliti til hagsmuna eigenda hlutdeildarskírteina eða hluthafa.
3. Hefðbundinn peningamarkaðssjóður skal ekki taka á sig mynd peningamarkaðssjóðs með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera eða peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði.

26. gr.

### Lánshæfismat peningamarkaðssjóða

Peningamarkaðssjóður sem sækist eftir eða fjármagnar utanaðkomandi lánshæfismat skal gera það í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009. Peningamarkaðssjóðurinn eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins skal tilgreina skýrt í útboðs- og skráningarlýsingu peningamarkaðssjóðsins og í öllum samskiptum við fjárfesta þar sem utanaðkomandi lánshæfismat er tiltekið, að peningamarkaðssjóðurinn eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins hafi sóst eftir eða fjármagnað matið.

27. gr.

### Stefnan „þekktu viðskiptamann þinn“

1. Með fyrirvara um aðrar strangari kröfur sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 <sup>(1)</sup>, skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs koma á, hrinda í framkvæmd og beita verklagsreglum og framkvæma áreið-anleikakönnun með það fyrir augum að sjá fyrir áhrifin af samhlíða innlausnum fjölda fjárfesta, að teknu tilliti til a.m.k. tegundar fjárfesta, fjölda hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðnum á hendi einstaks fjárfestis og þróunar á innstreymi og útstreymi.
2. Ef virði hlutdeildarskírteina eða hlutabréfanna sem einstakur fjárfestir á fer yfir fjárhæðina sem samsvarar daglegum lausafjárkröfum peningamarkaðssjóðs, skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins taka til skoðunar, til viðbótar við þættina sem settir eru fram í 1. mgr., allt eftirfarandi:
  - a) auðgreinanleg mynstur í þörf fjárfesta fyrir reiðufé, þ.m.t. síendurtekin þróun í fjölda hlutabréfa í peningamarkaðssjóðnum,

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

- b) áhættufælni ólíkra fjárfesta,
- c) hve mikil fylgni eða nán tengsl eru milli ólíkra fjárfesta í peningamarkaðssjóðnum.

3. Ef fjárfestar beina fjárfestingum sínum í gegnum miðlara, skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs óska eftir upplýsingum frá miðlaranum til að fara að ákvæðum 1. og 2. mgr., til að stýra á viðeigandi hátt seljanleika og samþjöppun fjárfesta peningamarkaðssjóðsins.

4. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal sjá til þess að virði hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa sem stakur fjárfestir á hafi ekki veruleg áhrif á lausafjárnið peningamarkaðssjóðsins þar sem það stendur fyrir umtalsverðan hluta af innra heildarvirði peningamarkaðssjóðsins.

28. gr.

### Álagsprófun

1. Hver peningamarkaðssjóður skal búa yfir traustu álagsprófunarferli sem greinir mögulega atburði eða framtíðarbreytingar á efnahagsaðstæðum sem gætu haft neikvæð áhrif á peningamarkaðssjóðinn. Peningamarkaðssjóður eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal meta möguleg áhrif þessara atburða eða breytinga á peningamarkaðssjóðinn. Peningamarkaðssjóður eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal framkvæma álagsprófun reglulega fyrir ólíkar mögulegar sviðsmyndir.

Álagsprófin skulu byggjast á hlutlægum viðmiðunum og taka tillit til áhrifa af alvarlegum sennilegum sviðsmyndum. Sviðsmyndir álagsprófana skulu a.m.k. taka tillit til viðmiðunarþátta sem fela í sér eftirfarandi þætti:

- a) hugsanlegar breytingar á seljanleikastigi eignanna sem peningamarkaðssjóður á í eignasafni sínu,
- b) hugsanlegar breytingar á útlánaáhættu eignanna sem peningamarkaðssjóður á í eignasafni sínu, þ.m.t. lánaatburði og matsviðburði,
- c) hugsanlegar hreyfingar á vaxtastigi og gengi,
- d) hugsanlegt magn innlausnar,
- e) hugsanlega aukningu eða rýrnun á áhættuálagi meðal vísitalna sem vaxtastig eignasafns verðbréfa er bundið við,
- f) hugsanleg þjóðhagskerfisáfall sem hafa áhrif á efnahaginn í heild sinni.

2. Auk þess, ef um er að ræða peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera og peningamarkaðssjóði með lítið flókt í innra virði, skal með álagsprófum í ólíkum sviðsmyndum meta muninn á föstu innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf og innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf.

3. Álagsprófanir skulu framkvæmdar svo títt sem stjórn peningamarkaðssjóðsins ákvarðar, þar sem við á, eða stjórn rekstraraðila peningamarkaðssjóðs, að teknu tilliti til þess hvað telst viðeigandi og hæfilegt millibil í ljósi markaðsaðstæðna og að teknu tilliti til allra fyrirhugaðra breytinga á eignasafni peningamarkaðssjóðsins. Tíðnin skal vera tvisvar á ári hið minnsta.

4. Ef álagspróf sýnir fram á einhvern veikleika hjá peningamarkaðssjóðnum skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs semja ítarlega skýrslu með niðurstöðunum úr álagsprófinu og fyrirhugaðri aðgerðaáætlun.

Ef nauðsyn krefur skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs grípa til aðgerða til að styrkja áreiðanleika peningamarkaðssjóðsins, þ.m.t. aðgerða sem styrkja seljanleika eða gæði eigna peningamarkaðssjóðsins og skal tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi peningamarkaðssjóðsins til hvaða ráðstafanna er gripið.

5. Ítarlega skýrslan með niðurstöðum álagsprófanna og fyrirhugaða aðgerðaáætlunin skulu lagðar fyrir stjórn peningamarkaðssjóðsins, þar sem við á, eða stjórn rekstraraðila peningamarkaðssjóðs. Stjórnin skal breyta fyrirhugaðri aðgerðaáætlun ef nauðsyn krefur og samþykka endanlega aðgerðaáætlun. Ítarlega skýrslan og aðgerðaáætlunin skulu geymdar í a.m.k. 5 ár.

Ítarlega skýrslan og aðgerðaáætlunin skulu lagðar fyrir lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins til rýni.

6. Lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins skal senda ítarlegu skýrsluna sem um getur í 5. mgr. til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gefa út leiðbeiningar með það í huga að koma á sameiginlegum viðmiðunarþáttum í sviðsmyndum álagsprófana sem eiga að vera í álagsprófunum, að teknu tilliti til þáttanna sem tilgreindir eru í 1. mgr. Leiðbeiningarnar skulu uppfærðar a.m.k. árlega og taka tillit til nýjustu markaðsþróunar.

#### IV. KAFLI

#### Matsreglur

#### 29. gr.

#### Mat á peningamarkaðssjóðum

1. Eignir peningamarkaðssjóðs skulu metnar a.m.k. daglega.
2. Eignir peningamarkaðssjóðs skulu metnar með því að nota færslu á markaðsvirði, þegar hægt er.
3. Þegar færsla á markaðsvirði er notuð:
  - a) skal eign peningamarkaðssjóðsins metin á varfærnari hlið kaup-/sölugengis nema hægt sé að gera eignina upp á miðverði markaðar,
  - b) skal einungis nota markaðsgögn af miklum gæðum og slík gögn skulu metin á grundvelli allra eftirfarandi þátta:
    - i. fjölda og gæða mótaðila,
    - ii. magni og veltu á markaði eignar peningamarkaðssjóðsins,
    - iii. stærðar útgáfu og hluta útgáfunnar sem peningamarkaðssjóðurinn hyggst kaupa eða selja.
4. Ef ekki er hægt að nota færslu á markaðsvirði eða markaðsgögn eru ekki af nægjanlegum gæðum skal meta eign peningamarkaðssjóðs varfærnislega með því að nota færslu á líkansvirði.

Líkanið skal meta á nákvæman hátt eiginlegt virði (e. *intrinsic value*) eignar peningamarkaðssjóðs, á grundvelli allra eftirfarandi uppfærðra lykilþátta:

- a) magns og veltu á markaði þeirrar eignar,
- b) stærðar útgáfu og hluta útgáfunnar sem peningamarkaðssjóðurinn hyggst kaupa eða selja,
- c) markaðsáhættu, vaxtaáhættu, útlánaáhættu tengda eigninni.

Þegar færsla á líkansvirði er notuð skal ekki nota afskrifað kostnaðarverð.

5. Verðmat sem framkvæmt er í samræmi við 2., 3., 4., 6. og 7. mgr. skal tilkynnt til lögbærra yfirvalda.
6. Þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. er heimilt að meta eignir peningamarkaðssjóða með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera með því að nota aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs.
7. Þrátt fyrir 2. og 4. mgr., til viðbótar við færslu á markaðsvirði sem um getur í 2. og 3. mgr. og færslu á líkansvirði sem um getur í 4. mgr., er heimilt að meta eignir peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði, sem hafa eftirstöðvatíma allt að 75 daga, með því að nota aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs.

Aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs skal eingöngu notuð til að meta eign peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði, við aðstæður þar sem verð þeirrar eignar, reiknað út í samræmi við 2., 3. og 4. mgr., vikur ekki meira en 10 grunnpunkta frá verði þeirrar eignar reiknuðu út í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar greinar. Þegar um er að ræða slíkt frávík skal verð þeirrar eignar reiknað út í samræmi við 2., 3. og 4. mgr.

*30. gr.***Útreikningur innra virðis á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf**

1. Peningamarkaðssjóður skal reikna út innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf sem mismuninn á summu allra eigna peningamarkaðssjóðsins og summu allra skulda peningamarkaðssjóðsins, metið í samræmi við færslu á markaðsvirði eða líkansvirði, eða bæði, deilt með fjölda útistandandi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa peningamarkaðssjóðsins.
2. Innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf skal námundað að næsta grunnpunkti eða jafngildi hans þegar innra virði er gefið upp í gjaldmiðilseiningu.
3. Innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf skal reiknað út og birt a.m.k. daglega á opinberu vefsetri peningamarkaðssjóðsins.

*31. gr.***Útreikningur á föstu innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í peningamarkaðssjóðum með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera**

1. Peningamarkaðssjóður með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera skal reikna út fast innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf sem mismuninn á summu allra eigna sinna, metna í samræmi við aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr., og summu allra skulda sinna deilt með fjölda útistandandi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa.
2. Fast innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf peningamarkaðssjóðs með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera skal námundað að næsta prósentustigi eða jafngildi þess þegar fast innra virði er gefið upp í gjaldmiðilseiningu.
3. Fast innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera skal reiknað út daglega, hið minnsta.
4. Mismunurinn á föstu innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf og innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf, reiknað út í samræmi við 30. gr., skal vaktadur og birtur daglega á opinberu vefsetri peningamarkaðssjóðsins.

*32. gr.***Útreikningur á föstu innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í peningamarkaðssjóðum með lítið flökt í innra virði**

1. Peningamarkaðssjóður, með lítið flökt í innra virði skal reikna út fast innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf sem mismuninn á summu allra eigna sinna, metið í samræmi við aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs, eins og tilgreint er í 7. mgr. 29. gr., og summu allra skulda sinna deilt með fjölda útistandandi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa.
2. Fast innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði, skal námundað að næsta prósentustigi eða jafngildi þess þegar fast innra virði er gefið upp í gjaldmiðilseiningu.
3. Fast innra virði á hvert hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í peningamarkaðssjóði með lítið flökt í innra virði skal reiknað út daglega, hið minnsta.
4. Mismunurinn á föstu innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf og innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf, reiknað út í samræmi við 30. gr., skal vaktadur og birtur daglega á opinberu vefsetri peningamarkaðssjóðsins.

*33. gr.***Útgáfu- og innlausnarverð**

1. Hlutdeildarskírteini eða hlutabréf peningamarkaðssjóðs skulu gefin út eða innleyst á verði sem er jafnhátt innra virði peningamarkaðssjóðs á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf, þó að teknu tilliti til heimilaðra gjalda og þóknana eins og tilgreint er í útboðs- og skráningarlýsingu peningamarkaðssjóðsins.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:

- a) er heimilt að gefa út eða innleysa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera á verði sem er jafnhátt föstu innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf þess peningamarkaðssjóðs,
- b) er heimilt að gefa út eða innleysa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði, á verði sem er jafnhátt föstu innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf þess peningamarkaðssjóðs, en einungis þegar fast innra virði á hvert hlutdeildarskírteini eða hlutabréf, sem reiknað er út í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 32. gr., vikur ekki meira en 20 grunnpunkta frá innra virði á hvert hlutdeildarskírteini eða hlutabréf, reiknuðu út í samræmi við 30. gr.

Í tengslum við b-lið þegar fast innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf, reiknað út í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 32. gr., vikur meira en 20 grunnpunkta frá innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf, reiknuðu út í samræmi við 30. gr., skal grípa til eftirfarandi innlausnar eða áskriftar á verði sem er jafnhátt því innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf sem reiknað er út í samræmi við 30. gr.

Áður en kemur að samningagerð skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs vara mögulega fjárfesta skriflega og á skýran hátt við því við hvaða aðstæður peningamarkaðssjóður með lítið flökt í innra virði hættir að innleysa eða stofna til áskriftar á föstu innra virði á hvert hlutdeildarskírteini eða hlutabréf.

#### V. KAFLI

### ***Sértækar kröfur fyrir peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera og peningamarkaðssjóði með lítið flökt í innra virði***

34. gr.

### **Sértækar kröfur fyrir peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera og peningamarkaðssjóði með lítið flökt í innra virði**

1. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera eða peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði, skal koma á, framkvæma og beita með samræmdum hætti varfærum og ströngum aðferðum við lausafjárstýringu til að tryggja að farið sé að þeim vikulegu lausafjármörkum sem eiga við slíka sjóði. Aðferðunum við lausafjárstýringu skal lýst skýrt í sjóðsreglum eða stofnsamningum, ásamt í útboðs- og skráningarlýsingu.

Til að tryggja að vikulegu lausafjármörkin séu virt skal eftirfarandi gilda:

- a) alltaf þegar hlutfall eigna á gjalddaga innan viku, eins og sett er fram í e-lið 1. mgr. 24. gr., verður lægra en 30% heildareigna peningamarkaðssjóðs með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera eða peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði, og daglegar innlausnir á einum viðskiptadegi verða nettó hærri en 10% heildareigna, skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera eða peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði, tilkynna stjórn sinni tafarlaust um slíkt og skal stjórnin framkvæma skrásett mat á aðstæðum til að ákvarða viðeigandi aðgerðir með hliðsjón af hagsmunum fjárfesta og ákveða hvort beita eigi einni eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:
  - i. lausafjargjöldum á innlausnir sem endurspeгла á fullnægjandi hátt kostnað peningamarkaðssjóðsins við að mæta innlausnum og tryggja að fjárfestar sem eru áfram í sjóðnum verði ekki fyrir óréttlátri mismunun þegar aðrir fjárfestar innleysa hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf á tímabilinu,
  - ii. innlausnarhindrunum sem takmarka fjölda hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina sem innleysa má á einum virkum degi við að hámarki 10% af hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í peningamarkaðssjóðnum fyrir tímabil sem eru allt að 15 virkir dagar,
  - iii. frestun innlausna í allt að 15 virka daga, eða
  - iv. að grípa ekki til tafarlausra aðgerða annarra en að uppfylla skylduna sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 24. gr.,
- b) þegar hlutfall eigna á gjalddaga innan viku, eins og sett er fram í e-lið 1. mgr. 24. gr., fer niður fyrir 10% af heildareignum þess skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera eða peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði tafarlaust upplýsa stjórn sína um það og skal stjórnin framkvæma skrásett mat á aðstæðum og, á grundvelli slíks mats og með hliðsjón af hagsmunum fjárfesta, beita einni eða fleiri eftirfarandi ráðstöfunum og skrásetja ástæður fyrir vali sínu:
  - i. lausafjargjöldum á innlausnir sem endurspeгла á fullnægjandi hátt kostnað peningamarkaðssjóðsins við að mæta innlausnum og tryggja að fjárfestar sem eru áfram í sjóðnum verði ekki fyrir óréttlátri mismunun þegar aðrir fjárfestar innleysa hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf á tímabilinu,
  - ii. tímabundinni frestun innlausna í allt að 15 virka daga.

2. Þegar heildartímalengd frestunar fer yfir 15 daga, innan 90 daga tímabils, skal peningamarkaðssjóður með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera eða peningamarkaðssjóður með lítið flökt í innra virði sjálfkrafa hætta að vera peningamarkaðssjóður með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera eða peningamarkaðssjóður með lítið flökt í innra virði. Peningamarkaðssjóður með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera eða peningamarkaðssjóður með lítið flökt í innra virði skal tafarlaust upplýsa hvern fjárfesti um það skriflega á skýran og skiljanlegan hátt.

3. Eftir að stjórn peningamarkaðssjóðs með fast innra virði sem fjárfestir í skuldum hins opinbera eða stjórn peningamarkaðssjóðs með lítið flökt í innra virði, hefur ákvarðað ráðstafanir með tilliti til bæði a- og b-liðar 1. mgr. skal hún þegar í stað veita upplýsingar um ákvörðun sína til lögbærra yfirvalda þess peningamarkaðssjóðs.

#### VI. KAFLI

##### **Ytri stuðningur**

35. gr.

##### **Ytri stuðningur**

1. Peningamarkaðssjóður skal ekki njóta ytri stuðnings.
2. Ytri stuðningur er annaðhvort beinn eða óbeinn stuðningur sem þriðji aðili, þ.m.t. bakhjarl peningamarkaðssjóðsins, býður peningamarkaðssjóði og ætlað er að tryggja eða myndi leiða til tryggingar á lausafjárstöðu peningamarkaðssjóðsins eða halda innra virði hlutdeildarskírteinis eða hlutabréfs peningamarkaðssjóðs stöðugu.

Ytri stuðningur skal fela í sér:

- a) innspýtingu reiðufjár frá þriðja aðila,
- b) kaup þriðja aðila á eignum peningamarkaðssjóðsins á uppblásnu verði,
- c) kaup þriðja aðila á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum peningamarkaðssjóðsins til að tryggja sjóðnum lausafé,
- d) útgáfu þriðja aðila á hvers kyns beinni eða óbeinni tryggingu, ábyrgð eða stuðningsyfirlýsingu sem gagnast peningamarkaðssjóðnum,
- e) allar aðgerðir þriðja aðila sem beint eða óbeint hafa að markmiði að viðhalda lausafjárniði og innra virði á hvert hlutdeildarskírteini eða hlutabréf peningamarkaðssjóðsins.

#### VII. KAFLI

##### **Kröfur um gagnsæi**

36. gr.

##### **Gagnsæi**

1. Peningamarkaðssjóður skal tilgreina skýrt hvaða tegund af peningamarkaðssjóði hann er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. og hvort hann sé skammtímapeningamarkaðssjóður eða hefðbundinn peningamarkaðssjóður í öllum ytri skjölum, skýrslum, yfirlýsingum, auglýsingum, bréfum eða hvers konar öðrum skriflegum gögnum sem peningamarkaðssjóðurinn eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðsins gefur út og beint er til eða ætlað er til dreifingar til hugsanlegra fjárfesta, eigenda hlutdeildarskírteina eða hluthafa.

2. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal, a.m.k. vikulega, gera allar eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar fjárfestum peningamarkaðssjóðsins:

- a) sundurliðun líftíma eignasafns peningamarkaðssjóðsins,
- b) gæði lánasafns peningamarkaðssjóðsins,
- c) meðalbínditíma og meðallíftíma peningamarkaðssjóðsins,
- d) upplýsingar um 10 stærstu eignarhlutina í peningamarkaðssjóðnum, þ.m.t. nafn, land, líftíma og tegund eignar, og mótaðila ef um er að ræða endurhverf verðbréfa kaup og endurhverfa verðbréfasölu,

- e) heildarvirði eigna peningamarkaðssjóðsins,
  - f) hreina ávöxtun peningamarkaðssjóðsins.
3. Öll skjöl sem peningamarkaðssjóður notar í markaðssetningu skulu skýrt hafa að geyma allar eftirfarandi fullyrðingar:
- a) að peningamarkaðssjóðurinn sé ekki tryggð fjárfesting,
  - b) að fjárfesting í peningamarkaðssjóðum sé ólík fjárfestingu í innlánnum, einkum með skírskotun til hættunnar á að höfuðstóllinn sem fjárfestur er í peningamarkaðssjóði geti sveiflast,
  - c) að peningamarkaðssjóður treysti ekki á ytri stuðning til að tryggja lausafjárstöðu peningamarkaðssjóðs eða til að halda innra virði á hvert hlutdeildarskírteini eða hlutabréf stöðugu,
  - d) að áhættan á tapi höfuðstólsins liggi hjá fjárfestinum.
4. Orðsendingar frá peningamarkaðssjóði eða rekstraraðila peningamarkaðssjóðs til fjárfesta eða hugsanlegra fjárfesta skulu ekki á neinn hátt gefa í skyn að fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum peningamarkaðssjóðs séu tryggðar.
5. Fjárfestar í peningamarkaðssjóði skulu upplýstir með skýrum hætti um aðferðina eða aðferðirnar sem peningamarkaðssjóður notar til að meta virði eigna peningamarkaðssjóðs og reikna út innra virði.

Peningamarkaðssjóðir með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera og peningamarkaðssjóðir með lítið flökt í innra virði skulu útskýra með skýrum hætti fyrir fjárfestum og mögulegum fjárfestum alla notkun á aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs eða námundun eða bæði.

37. gr.

### Skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda

1. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal senda lögbæru yfirvaldi peningamarkaðssjóðsins upplýsingar um hvern peningamarkaðssjóð sem hann rekur a.m.k. ársfjórðungslega.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal rekstraraðili peningamarkaðssjóðs a.m.k. árlega skila skýrslu til lögbærra yfirvalda peningamarkaðssjóðsins um peningamarkaðssjóð ef eignir hans í stýringu fara í heild ekki yfir 100 000 000 evrur.

Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal, ef óskað er eftir því, einnig veita upplýsingar sem gefin er skýrsla um samkvæmt fyrstu og annari undirgrein til lögbærs yfirvalds rekstraraðila peningamarkaðssjóðs, ef það er ekki lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins.

2. Upplýsingar sem tilkynnt er um skv. 1. mgr. skulu samanstanda af eftirfarandi liðum:

- a) tegund og einkennum peningamarkaðssjóðsins,
- b) vísun eignasafns, svo sem heildarvirði eigna, innra virði, meðalbínditíma, meðallíftíma, líftímasundurliðun, seljanleika og ávöxtun,
- c) niðurstöðum álagsprófana og, þar sem við á, fyrirhugaðri aðgerðaáætlun,
- d) upplýsingum um eignir sem haldið er í eignasafni peningamarkaðssjóðs, þ.m.t.:
  - i. einkennum hvernar eignar, svo sem nafni, landi, flokki útgefanda, áhættu eða líftíma, og niðurstöðu innri lánshæfismatsaðferðarinnar,
  - ii. tegund eignar, þ.m.t. upplýsingum um mótaðila ef um er að ræða afleiður, endurhverf verðbréfa kaup eða endurhverfa verðbréfasölu,
- e) upplýsingum um skuldbindingar peningamarkaðssjóðs, þ.m.t.:
  - i. landið þar sem fjárfestir hefur staðfestu,

- ii. flokk fjárfesta,
- iii. starfsemi sem varðar áskrift og innlausn.

Ef nauðsyn krefur og það tilhlýðilega rökstutt, er lögbærum yfirvöldum heimilt að falast eftir viðbótarupplýsingum.

3. Rekstraraðili peningamarkaðssjóðs skal gefa skýrslu um eftirfarandi, til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr., fyrir hvern peningamarkaðssjóð með lítið flökt í innra virði sem hann rekur:

- a) alla atburði þar sem verð eignar, sem metið er með því að nota aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs, í samræmi við fyrstu undirgrein 7. mgr. 29. gr., vikur meira en 10 grunnpunkta frá verði þeirrar eignar, reiknað út í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 29. gr.,
- b) alla atburði þar sem fast innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf, reiknað út í samræmi við 1. og 2. mgr. 32. gr., vikur meira en 20 grunnpunkta frá innra virði á hlutdeildarskírteini eða hlutabréf sem reiknað er út í samræmi við 30. gr.,
- c) alla atburði þar sem aðstæðurnar sem nefndar eru í 3. mgr. 34. gr. koma upp og ráðstafanirnar sem stjórnin gerir í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 34. gr.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á skýrslugjafarsniðmátum sem skulu innihalda allar upplýsingar eins og um getur í 2. og 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. janúar 2018.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Lögbær yfirvöld skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar upplýsingar sem það tekur við samkvæmt þessari grein. Slíkar upplýsingar skulu sendar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eigi síðar en 30 dögum eftir að skýrslugjafarfjórðungi lýkur.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal safna saman upplýsingum til að búa til miðlægt gagnasafn allra peningamarkaðssjóða sem eru stofnaðir, reknir eða markaðssettir í Sambandinu. Seðlabanki Evrópu skal hafa rétt til aðgangs að því gagnasafni, einungis vegna hagskýrslugerðar.

## VIII. KAFLI

### Eftirlit

38. gr.

#### Eftirlit af hálfu lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með því að farið sé að þessari reglugerð á áframhaldandi grundvelli.
2. Lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins, eða þar sem við á, lögbært yfirvald rekstraraðila peningamarkaðssjóðsins skal bera ábyrgð á eftirliti með því að farið sé að II. til VII. kafla.
3. Lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins skal bera ábyrgð á eftirliti með því að farið sé að skuldbindingunum sem settar eru fram í sjóðsreglum eða stofnsamningum og skuldbindingunum sem settar eru fram í útboðslýsingunni, sem skal vera í samræmi við þessa reglugerð.
4. Lögbært yfirvald rekstraraðila peningamarkaðssjóðs skal bera ábyrgð á eftirliti með því hvort fyrirkomulag og skipulag rekstraraðila peningamarkaðssjóðsins sé fullnægjandi til að rekstraraðili sjóðsins sé í aðstöðu til að starfa í samræmi við skuldbindingar og reglur varðandi stofnun og rekstur allra peningamarkaðssjóða sem hann rekur.
5. Lögbær yfirvöld skulu vakta verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði sem komið er á fót eða markaðssettir eru á yfirráðasvæði þeirra til að sannreyna að þeir noti ekki heitið „peningamarkaðssjóður“ eða gefi í skyn að þeir séu peningamarkaðssjóðir nema þeir fari að þessari reglugerð.

## 39. gr.

**Valdheimildir lögbærra yfirvalda**

Með fyrirvara um valdheimildir sem lögbærum yfirvöldum eru faldar í samræmi við tilskipun 2009/65/EB eða 2011/61/ESB, eftir því sem við á, skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við landslög, hafa allar heimildir til eftirlits og rannsóknar sem nauðsynlegar eru til að sinna hlutverki sínu að því er varðar þessa reglugerð. Þau skulu einkum hafa vald til að gera allt eftirfarandi:

- a) óska eftir aðgangi að öllum gögnum á hvaða formi sem er og fá þau í hendur eða taka afrit af þeim,
- b) krefjast þess að peningamarkaðssjóður eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðs veiti upplýsingar án tafar,
- c) krefjast upplýsinga frá öllum aðilum sem tengjast starfsemi peningamarkaðssjóðs eða rekstraraðila peningamarkaðssjóðs,
- d) framkvæma vettvangsskoðun, með fyrirframtilkynningu eða án hennar,
- e) gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að peningamarkaðssjóður eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðs haldi áfram að fara að þessari reglugerð,
- f) gefa út skipun til að tryggja að peningamarkaðssjóður eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðs fari að þessari reglugerð og láti af því að endurtaka hvers konar háttsemi sem gæti brotið í bága við þessa reglugerð.

## 40. gr.

**Viðurlög og aðrar ráðstafanir**

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög og aðrar ráðstafanir við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlög og aðrar ráðstafanir, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.
2. Eigi síðar en 21. júlí 2018 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni um reglurnar sem um getur í 1. mgr. Þau skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um allar síðari breytingar á reglunum.

## 41. gr.

**Sértækar ráðstafanir**

1. Með fyrirvara um valdheimildir sem lögbærum yfirvöldum eru faldar í samræmi við tilskipun 2009/65/EB eða 2011/61/ESB, eftir því sem við á, skulu lögbær yfirvöld peningamarkaðssjóðs eða rekstraraðila peningamarkaðssjóðs, að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar, gera viðeigandi ráðstafanir sem um getur í 2. mgr. ef peningamarkaðssjóður eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðs:
  - a) uppfyllir ekki einhverja af kröfunum að því er varðar eignasamsetningu, sem er brot á 9. – 16. gr.,
  - b) uppfyllir ekki einhverja af kröfunum um eignasafn, sem er brot á 17., 18., 24. eða 25. gr.,
  - c) hefur fengið starfsleyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmatan hátt, sem er brot á 4. og 5. gr.,
  - d) notar heitið „peningamarkaðssjóður“ eða annað heiti sem gefur til kynna að verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður sé peningamarkaðssjóður, sem er brot á 6 gr.,
  - e) uppfyllir ekki einhverja af kröfunum að því er varðar innri lánshæfismatsaðferð, sem er brot á 19. eða 20. gr.,

- f) uppfyllir ekki einhverja af kröfunum um stjórnarhætti, skjalahald eða gagnsæi, sem er brot á 21., 23., 26., 27., 28. eða 36. gr.,
  - g) uppfyllir ekki einhverja af kröfunum um verðmat, sem er brot á 29., 30., 31., 32., 33. eða 34. gr.
2. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. skal lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðs, eins og við á:
- a) gera ráðstafanir til að tryggja að peningamarkaðssjóður eða rekstraraðili peningamarkaðssjóðs sem um ræðir, fari að viðkomandi ákvæðum,
  - b) afturkalla starfsleyfi sem veitt var í samræmi við 4. eða 5. gr.

42. gr.

#### **Valdheimildir og valdsvið Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar**

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa nauðsynlegar valdheimildir til að framkvæma þau verkefni sem henni eru falin með þessari reglugerð.
2. Valdheimildum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við tilskipun 2009/65/EB og 2011/61/ESB skal einnig beitt með tilliti til þessarar reglugerðar og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.
3. Leggja skal þann skilning í þessa reglugerð, að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, að hún sé önnur lagalega bindandi gerð Sambandsins þar sem stofnuninni eru falin verkefni, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

43. gr.

#### **Samstarf milli yfirvalda**

1. Lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins og lögbært yfirvald rekstraraðila peningamarkaðssjóðsins skulu, þegar þau eru ekki hin sömu, hafa með sér samvinnu og skiptast á upplýsingum í þeim tilgangi að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.
2. Lögbærum yfirvöldum og Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði ber að hafa með sér samvinnu í þeim tilgangi að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.
3. Lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu skiptast á upplýsingum og gögnum sem þörf er á til að þessir aðilar sinni skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, einkum til að greina og bæta fyrir brot á þessari reglugerð. Lögbær yfirvöld aðildarríkjana sem bera ábyrgð á starfsleyfi eða eftirliti með peningamarkaðssjóðum samkvæmt þessari reglugerð, skulu senda upplýsingar til lögbærra yfirvalda annarra aðildarríkja þar sem slíkar upplýsingar eru viðeigandi fyrir vöktun og til að bregðast við mögulegum afleiðingum af starfsemi einstakra peningamarkaðssjóða eða peningamarkaðssjóða saman fyrir stöðugleika kerfislega mikilvægra fjármálastofnana og skipulega starfsemi markaða þar sem peningamarkaðssjóðir eru virkir. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og evrópska kerfisáhætturáðið skulu einnig vera upplýst og skulu áframsenda þær upplýsingar til lögbærra yfirvalda annarra aðildarríkja.
4. Á grundvelli upplýsinga sem lögbær landsyfirvöld hafa sent skv. 5. mgr. 37. gr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í samræmi við valdheimildir sem henni eru veittar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, útbúa skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina í ljósi endurskoðunarinnar skv. 46. gr. þessarar reglugerðar.

IX. KAFLI

#### **Lokaákvæði**

44. gr.

#### **Meðferð á starfandi verðbréfasjóði og sérhæfðum sjóðum**

1. Fyrir 21. janúar 2019 skal núverandi verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður sem fjárfestir í skammtímaeignum og hefur sem sérstakt markmið eða sem hluta af öðrum markmiðum að veita ávöxtun í samræmi við peningamarkaðsvexti eða að varðveita virði fjárfestingarinnar, senda inn umsókn til lögbærs yfirvalds peningamarkaðssjóðsins ásamt öllum gögnum og sönnunum sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að hann hlíti þessari reglugerð.

2. Eigi síðar en 2 mánuðum eftir að það tekur við fullgerðri umsókn skal lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðs meta hvort verðbréfasjóðurinn eða sérhæfði sjóðurinn fari að þessari reglugerð í samræmi við 4. og 5. gr. Lögbært yfirvald peningamarkaðssjóðsins skal gefa út ákvörðun og tilkynna hana tafarlaust til verðbréfasjóðsins eða sérhæfða sjóðsins.

45. gr.

#### Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 11., 15. og 22. gr. í óákveðinn tíma frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 11., 15. og 22. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún þegar í stað tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseldu gerðirnar, sem eru samþykktar skv. 11, 15. og 22. gr. skulu því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan 2 mánaða frá tilkynningu um gerðirnar til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

46. gr.

#### Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 21. júlí 2022, endurskoða hvort þessi reglugerð sé fullnægjandi út frá varfærnis- og efnahagssjónarmiðum að undangengnu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og, eftir því sem við á, Evrópska kerfisáhætturáðið, þ.m.t. hvort gera á breytingar á kerfinu um peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera og peningamarkaðssjóði með lítið flökt í innra virði.
2. Endurskoðunin skal einkum:
  - a) greina reynsluna af því að beita þessari reglugerð, áhrif á fjárfesta, peningamarkaðssjóði og rekstraraðila peningamarkaðssjóða í Sambandinu;
  - b) meta hvaða hlutverk peningamarkaðssjóðir leika við kaup á skuldum sem útgefnar eða tryggðar eru af aðildarríkjunum,
  - c) taka tillit til sérstakra eiginleika skulda sem gefnar eru út eða tryggðar af aðildarríkjunum og þess hlutverks sem skuldin leikur í fjármögnun aðildarríkjanna,
  - d) taka tillit til skýrslunnar sem um getur í 3. mgr. 509. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - e) taka tillit til áhrifa þessarar reglugerðar á markaði fyrir skammtímafjármögnun,
  - f) taka tillit til þróunar á sviði reglusetningar á alþjóðavettvangi,

Framkvæmdastjórnin skal kynna skýrslu um hagkvæmni þess að koma á fót 80% kvóta á skuldir hins opinbera innan ESB. Sú skýrsla skal taka mið af tiltækileika ríkisskuldagerninga Sambandsins til skamms tíma og meta hvort peningamarkaðssjóðir með lítið flökt í innra virði gætu verið viðeigandi valkostur við peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera utan ESB. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu í skýrslunni að ekki sé mögulegt að taka upp 80% kvóta á skuldir hins opinbera innan ESB og að leggja niður í áföngum peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera sem innihalda ótakmarkaða fjárhæð skulda hins opinbera utan ESB ætti hún að sýna fram á ástæður þess. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að mögulegt sé að taka upp 80% kvóta á skuldir hins opinbera innan ESB getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur að nýrri löggjöf til að innleiða slíkan kvóta, þar sem að lágmarki 80% eigna peningamarkaðssjóða með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera eigi að fjárfesta í ríkisskuldagerningum ESB. Þar að auki, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að peningamarkaðssjóðir með lítið flökt í innra virði séu orðnir viðeigandi valkostur við peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera utan ESB, getur hún lagt fram viðeigandi tillögur til að fjarlægja með öllu undanþáguna fyrir peningamarkaðssjóði með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera.

Niðurstaða endurskoðunarinnar skal tilkynnt Evrópuþinginu og ráðinu, þar sem með fylgja, ef nauðsyn krefur, viðeigandi tillögur að breytingum.

47. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með 21. júlí 2018, að undanskilinni 11. gr. (4. mgr.), 15. gr. (7. mgr.), 22. gr. og 37. gr. (4. mgr.) sem koma til framkvæmda frá og með 20. júlí 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 14. júní 2017.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti.*

*fyrir hönd ráðsins,*

H. DALLI

*forseti.*